Ársskýrsla HSH 2011



74. Héraðsþing HSH

Lindartungu 24. apríl 2012


Landsbankinn



Ársskýrsla HSH 2011

Umsjón með útgáfu: Garðar Svansson
Prófarkalestur: Garðar Svansson
Umbrot og prentun: Steinprent ehf.

Upplag: 80 eintök.

Skýrsla stjórnar:

5 Stjórn HSH
6 Íþróttamenn HSH 2011
8 Heiðursviðurkenningar

Fundir, þing og námskeið:

10 Fundir

Ýmsar upplýsingar:

11 Fréttapunktar frá ÍSÍ
12 Fréttapunktar frá UMFÍ
16 Aðildarfélög og formenn félaga
16 Lottó úthlutunarreglur HSH
16 Stærð félaga og tekjur af lottói
17 Lög HSH
20 Nefndir og Ráð HSH

Skýrslur aðildarfélaga HSH:

21 Golfklúbburinn Vestarr
21 Hestamannafélagið Snæfellingur
24 UMF. Snæfell
27 UMF. Grundarfjörður
32 Umf. Reynir
32 UMF. Víkingur
34 Skotfélagið Skotgrund
35 Golfklúbburinn Mostri

37 Ársreikningur

K.G. fiskverkun ehf.

Stjórn HSH starfsárið 2011 - 2012

Hermundur Pálsson	Form.	Snæfell
Tómas Freyr Kristjánsson	gjaldkeri	UMFG
Alexander Kristinsson	ritari	Reyni
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson	meðstjórnandi	Snæfell
Edda Sóley Kristmannsdóttir	meðstjórnandi	Snæfelling

Varastjórn

Högni Högnason	varastjórn	Mostra
Guðbjörn Egilsson	varastjórn	Víking
Kristján Magnússon	varastjórn	Snæfelling
Magnús Jósepsson	varastjórn	Motokrossfél. Grfj.

Framkvæmdastjóri: Garðar Svansson

Skoðunarmenn reikninga: Gunnar Kristjánsson
Kristján Guðmundsson



Skeljungur

Íþróttamenn HSH 2011



Íþróttamaður HSH 2011 og
Körfuknattleiksmaður HSH 2011

Jón Ólafur Jónsson, Snæfell

Ungmennafélagið Snæfell körfuknattleiksdeild útnefnir Jón Ólaf Jónsson sem íþróttamann árið 2011. Jón Ólafur hefur staðið í framlínu karlaliðs körfunnar með miklum sóma og var í úrvalsliði fyrri hluta keppnistímabilsins 2010-2011, hann var einnig í úrvalsliði seinni hlutans í Iceland Expressdeildinni. Á lokahófi KKÍ var Jón Ólafur síðan í fimm manna úrvalsliði í fyrsta skipti á sínum ferli. Jón Ólafur fór fyrir liði Snæfells sem urðu Lengjubikarmeistarar, meistarar meistaranna og deildarmeistarar.

Frábær árangur hjá liðinu og þar var Jón Ólafur fremstur í flokki en tölfræðilegar upplýsingar eru hér að neðan:

Tímabilið 2010-2011 var Jón Ólafur með 17,5 stig að meðaltali og 9 fráköst í Iceland Expressdeildinni

Tímabilið 2011-2012 er Jón Ólafur með 15,3 stig að meðaltali og 7 fráköst, hann er ofarlega með bestu skotnýtinguna í Iceland Expressdeildinni

Jón Ólafur Jónsson er góð fyrirmynd fyrir yngri leikmenn og æfir mikið aukalega.



Blakmaður HSH 2011

Anna María Reynisdóttir, Ungmennafélagi Grundarfjarðar

Anna María er sannkallaður burðarás blaksins í Grundarfirði. Hún var ein af þeim sem stofnuðu kvennablak í Grundarfirði árið 1996 og hefur unnið heilshugar að uppbyggingu á blaki í Grundarfirði. Anna María er 46. ára gömul og tekur framförum á hverju ári. Hún leggur sig alltaf 100% fram og er hún meðal bestu uppspilara 2. deildarinnar. Sem fyrirliði



er hún bæði fyrirmynd og leiðtogi leikmanna og hefur hagsmuni liðsins ávallt að leiðarljósi.
Anna María á mörg góð ár eftir í blakinu og teljum við að hún sé vel að titlinum komin. Fyrir utan hæfileika á leikvellinum leggur hún stund á heilbrigðan lífstíl.



Knattspyrnumaður HSH 2011
Einar Hjörleifsson knattspyrnumaður Víkings 2011
Einar Hjörleifsson hefur verið aðalmarkvörður Víkings Ólafsvík um langan tíma og verið burðarás í liðinu. Hann hefur fylgt liðinu í gegnum súrt og sætt og lokað markinu á réttum tímum. Einar hefur verið öðrum leikmönnum fyrirmynd varðandi metnað og ástundun. Einar hefur verið kletturinn í vörninni.



Hestíþróttamaður HSH 2011
Siguroddur Pétursson
Hestaíþróttamaður ársins hjá Hestamannafélaginu Snæfellingi var útnefndur á uppskeruhátíð Snæfellings, Siguroddur Pétursson.

Kylfingur HSH 2011
Skarphéðinn Skarphéðinsson kylfingur Mostra 2011
Golfklúbburinn Mostri tilnefnir Skarphéðinn E. Skarphéðinsson sem er búinn að vera að keppa á mótaröð eldri kylfinga í sumar sl. tvö sumur og vann sér inn sæti í landsliði eldri kylfinga sem kepptu í Bratislava í ágúst sl. Sú sveit náði besta árangri sveitar frá Íslandi hingað til í þessum aldursflokki.



Vinnuþjarkur HSH 2011
Meistaraflokkur kvenna í blakdeild UMFG eru vinnuþjarkar HSH 2011
Undan farin ár hefur konur hjá UMFG lagt mikinn metnað og vinnu í sína íþrótt og með dugnaði og góðri ástund nú komið þeim í 2 deild kvenna í Íslandsmót BLÍ.
Starf þeirra hefur verið með miklum ágætu og öðrum til fyrirmyndar.

Heiðursviðurkenningar

Frá ÍSÍ

Þjónustumerki

Kristján Jónsson	UMF. Eldborg	1963

Silfurmerki

Kristján Þórðarson	UMF. Staðarsveit	1997
Eggert Kjartansson	Íþróttafélag Miklaholtshrepps	1998
Elfa Ármannsdóttir	UMF. Víking	1998
Ríkharður Hrafnkelsson	Golfklúbbnum Mostra	2003
Garðar Svansson	UMF. Grundarfjarðar	2003
Páll Guðmundsson	Golfklúbbnum Vestarr	2007
Kristín Halla Haraldsdóttir	UMF. Grundarfjarðar	2008

Gullmerki

Magndís Alexandersdóttir	UMF. Snæfell	1987
Sigurþór Hjörleifsson	UMF. Snæfell	1992
Þóra Kristín Magnúsdóttir	UMF. Trausti	1997
Kjartan Páll Einarsson	UMF. Snæfell	1998
Þorbergur Bæringsson	UMF. Snæfell	2010

Frá UMFÍ

Gullmerki

Magndís Alexandersdóttir	UMF. Snæfell	1992

Starfsmerki

Þórður Gíslason	UMF. Staðarsveitar	1972
Stefán Ásgrímsson	Íþróttafélag Miklaholtshrepps	1972
Ottó Árnason	UMF. Víkingur	1972
Kristján Jónsson	UMF. Eldborg	1972
Jón Pétursson	UMF. Grundarfjarðar	1973
Jónas Gestsson	UMF. Víking	1984
Pálmi Frímannsson	UMF. Snæfell	1988
Hildur Sæmundsdóttir	UMF. Grundarfjarðar	1996
Stefán Jóhann Sigurðsson	UMF. Víking	1997
Guðrún A. Gunnarsdóttir	UMF. Snæfell	1997
Sigurþór Hjörleifsson	UMF. Snæfell	1997
Grétar D. Pálsson	UMF. Snæfell	1997
Vilborg Lilja Stefánsdóttir	UMF. Víking	1998
Eiður Björnsson	UMF. Grundarfjarðar	1998
Bryndís Jónasdóttir	UMF. Staðarsveit	1999
Garðar Svansson	UMF. Grundarfjarðar	2000
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson	UMF. Snæfell	2003
Gunnar Svanlaugsson	UMF. Snæfell	2003
Guðmundur Runólfsson	UMF. Grundarfjarðar	2003
Vilhjálmur Pétursson	UMF. Grundarfjarðar	2003
Margrét Þórðardóttir	UMF. Staðarsveit	2004
María A. Valdimarsdóttir	UMF. Snæfell	2006
Sigrún Ólafsdóttir	UMF. Víking	2006
Gunnar Kristjánsson	UMF. Grundarfjarðar	2008
Kjartan Páll Einarsson	UMF. Snæfell	2008
Kristján Þórðarsson	UMF. Staðarsveit	2009
Sesselja Pálsdóttir	UMF. Snæfell	2010
Dagný Þórisdóttir	UMF. Snæfell	2010

74. Héraðsþing HSH

Haldið þriðjudaginn 24 apríl 2012 kl. 18:00
í Lindartungu, Kolbeinstaðahrepp

Dagskrá:

1. **Þingsetning**
2. **Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara**
3. **Skipun kjörbréfanefndar**
4. **Skýrsla stjórnar**
5. **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar**
6. **Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til Samþykktar**
7. **Kosning nefnda þingsins:**
    - **a) Fjárhagsnefnd**
    - **b) Íþróttanefnd**
    - **c) Allsherjar- og laganefnd.**
8. **Ávörp gesta**
9. **Fjárhagsáætlun lögð fram**
10. **Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda**
11. **Nefndarstörf**
12. **Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur**
13. **Kosningar**
    - **a) Formaður HSH**
    - **b) Aðrir í stjórn og varastjórn**
    - **c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara**
    - **d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglum**
    - **e) Uppstillingarnefnd, 3 af formönnum aðildarfélaga HSH sem starfa fram að næsta héraðsþingi**
    - **f) Kosning á Íþróttaþing ÍSÍ**
14. **Önnur mál**

Þingslit.

Fundir, þing og námskeið

Verndum þau
Námskeiðið Verndum þau var haldið í Framhaldsskóla Snæfellinga í Grundarfirði síðastliðin þriðjudag. Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalssýslu, Ungmennafélag Íslands og Mennta og menningarmálaráðuneytið stóðu að námskeiðinu. Frábær þátttaka var og mættu 43 fulltrúar frá grunnskólum, leikskólum, félagasamtökum, íþróttahreyfingunni, FSN, FSSF sem og foreldrar. Námskeiðið var í höndum Ólöfu Ástu Farestveit sem við færum bestu þakkir fyrir gott og fræðandi námskeið.



Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum
Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. HSH hefur í gegnum tíðina átt fjölda keppenda á ULM en því voru keppendur með fæsta mót og spilaði margt þar inní.
Keppendur HSH voru einungis 18 að þessu sinni. Framkvæmd mótsins var til fyrirmyndar og umgjörð þess glæsileg og UÍA til mesta sóma.
Keppnisgreinar hafa aldrei verið fleiri og skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna
ULM 2012 verður svo haldið á Selfossi dagana 3-5 ágúst.

Forvarnardagurinn 5. október 2011
Unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna
Ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf falla mun síður fyrir fíkniefnum
Því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau verði fíkniefnum að bráð
Byggir á niðurstöðum íslenskra vísindamanna sem hafa um árabil rannsakað áhættuhegðun ungmenna og hafa vakið alþjóðlega eftirtekt
Forvarnardagur 2011 var haldinn miðvikudaginn 5. Október. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu.
Forvarnardagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Formannafundur ÍSÍ
Formannafundur ÍSÍ var haldinn 11 nóvember 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
Síðustu ár hefur fundurinn verið tvískiptur og hafist með fundi íþróttabandalaga og Héraðssambands og þar rædd ýmis sameiginleg málefni og stefnur. Á þeim fundi var samþykkt að stofna nefnd sem færi yfir sameiginleg málefni þessara aðila ásamt því kanna hvort möguleiki væri á auknu samstarfi, bættri nýtingu fjármagns og innra skipulagi íþróttahéraða.
Garðar og Hermundur sótti þennan fund og svo í framhaldi af honum eiginlegan formannafund ÍSÍ.

Þátttaka er lífstíll
Málþing, þátttaka er lífsstíll, á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ungmennafélags Íslands og Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu var haldið í sal Fjölbrautarskóla Snæfellinga í 28 apríl
Ráðstefnustjóri var Ingi Þór Steinþórsson
Dagskrá málþingsins var fjölbreytt en það hófst á ávarpi Berglindar Axelsdóttur bæjarfulltrúa í Stykkishólmsbæ. Þá kynnti ungmennaráð UMFÍ sína starfsemi og sá Halldóra Guðjónsdóttir fulltrúi í ráðinu um hana. Sölvi Óskarsson meðlimur í ungliðastarfi björgunarsveitanna kynnti starfsemi sveitanna.
Þá fór fram kynning á forvarnarstarfi og notkun á munntóbaki og hafði jafningjafræðslan umsjón með þessari kynningu undir handleiðslu Hersir Arons Ólafssonar og Blædísar Köru Baldursdóttur. Þá kynnti Eva Vilhjálmsdóttir starfsmaður Evrópa unga fólksins verkefnið sem er styrkjaáætlun fyrir ungt fólk. Þá kynnti Daði Magnússon starfsemi ungmennahús í Snæfellsbæ. Þá var flutt tónlistaratriði og leikklúbbur fjölbrautarskólans flutti atriði.

Vinnuhópar:
Þátttaka er lífstíll, hópstjóri Garðar Svansson.
Staða og framtíð æskulýðsstarfs og Ungmennasmiðja á Snæfellsnesi, hópstjóri Sigrún Ólafsdóttir
Samstarf og tengsl stjórnvalda og æskulýðsstarfs, hópstjóri Björn Ásgeir Sumarliðason. Ráðstefnan heppnaðist mjög vel og voru þáttakenndur ánægðir með dagskrá og inntak ráðstefnunnar Góð þátttaka var en nálægt 100 þáttakenndur komu í allt að ráðstefnunnar.



Ýmsar upplýsingar

Fréttapunktar frá ÍSÍ

Íþróttaþing ÍSÍ 2011
70. Íþróttaþing ÍSÍ var haldið að Gullhömrum í Grafarholti, dagana 8. og 9. apríl 2011. Ólafur Rafnsson var endurkjörinn forseti ÍSÍ til tveggja ára. Á þinginu var kosið til stjórnar og hlutu eftirfarandi kosningu: Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir. Í varastjórn voru kjörnir Gústaf A. Hjaltason, Garðar Svansson og Gunnlaugur Júlíusson.

100 ára afmæli ÍSÍ
Í ár verða liðin 100 ár frá stofnun Íþróttasambands Íslands en sambandið var stofnað þann 28. janúar 1912 í tengslum við þátttöku í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi.
Í tilefni afmælisins gefur ÍSÍ út veglegt afmælisrit þar sem stiklað er á stóru í sögu ÍSÍ og íþróttanna í landinu. Að störfum er Afmælisnefnd ÍSÍ sem undirbýr fjölbreytta dagskrá viðburða á afmælisárinu. Sambandsaðilar ÍSÍ hafa verið hvattir til samstarfs um afmælistengda atburði.

Ferðasjóður íþróttafélaga
Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2011 eru 51,1 m.kr. Stefnt er að úthlutun í byrjun febrúar 2012.
Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna.
Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemi ÍSÍ.

Fjármögnun sérsambanda
Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010 og 61,8 m.kr. fyrir árið 2011. Framlag til sérsambanda fyrir árið 2012 er 60,5 m.kr.

Heimasíða ÍSÍ
Á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is , er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, frétta og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. Sambandsaðilar eru hvattir til að heimsækja síðuna og kynna sér það sem þar er í boði.

ÍSÍ-fréttir
ÍSÍ gefur út rafræna útgáfu á fréttabréfinu ÍSÍ-fréttum, sem kom út reglulega í pappírsformi hér áður fyrr.

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ
Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur vel utan um tölfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórntæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir.

Þjálfaramenntun
Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar á landsvísu. Á síðustu haustönn var 2. stig einnig keyrt í fjarnámi og tókst vel til.
Verið er að vinna að gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ
Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru ríflega 100 talsins. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Sú breyting hefur verið gerð að nú geta öll félög orðið Fyrirmyndarfélög ÍSÍ að uppfylltum kröfum ÍSÍ, óháð því hvort þau hafi barna- og unglingastarf á stefnuskrá sinni.

Forvarnardagur forseta Íslands
ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSÍ
ÍSÍ gefur út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti íþróttastarfsins. Efnið má nálgast á heimasíðu ÍSÍ. Þar er einnig að finna viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum, Siðareglur ÍSÍ og „Áttavitann“ sem er leiðbeinandi efni fyrir leiðtoga í íþróttahreyfingunni. Leiðbeinandi bæklingar ÍSÍ fyrir þá sem eru að koma sér af stað í hreyfingu eru sívinsælir og má þar nefna bæklinga um sund, hjólreiðar, kraftgöngu, stafgöngu og hlaup.

Íþróttaslysasjóður
Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Ólympísk verkefni
Á árinu 2012 sendir ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; þrjú ungmenni á Vetrarólympíuleika ungmenna í janúar og vonandi myndarlegan hóp íþróttafólks á Ólympíuleikana í London sem verða haldnir dagana 27. júlí – 12. ágúst nk.

Ólympíudagurinn – árlegur viðburður
Íþrótta- og Ólympíusambandið ásamt Ólympíufjölskyldu ÍSÍ héldu upp á alþjóðlega Ólympíudaginn þann 23. júní 2011 með því að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir unga sem aldna, í samvinnu við íþróttafélög í borginni. Þann 23. júní árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin stofnuð. Þetta er því sérstakur dagur í sögu íþrótta og er markmiðið að bjóða fólki að koma saman, hreyfa sig, læra nýjar íþróttagreinar og kynnast ólympískum hugsjónum og gildum. Allir sem taka þátt og prófa einhverjar íþróttagreinar fá viðurkenningu frá Alþjóða Ólympíuhreyfingunni.

Úthlutun styrkja
Á árinu 2011 úthlutaði Afrekssjóður tæplega 55 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úhlutaði 10,4 m.kr.
Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir
Mikil þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.
„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu", er hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 1.-21. febrúar og hvatningarleikur grunnskólanna sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 1.-14. febrúar.
„Hjólað í vinnuna" stendur yfir í þrjár vikur eða frá 2.-22. maí nk.
Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram 16. júní í ár.

Lyfjamál
140 sýni voru tekin á árinu 2011, þar af 80 sýni eða 57% í keppni. Lyfjapróf voru tekin í 22 íþróttagreinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 34 sýni fyrir aðra. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreytilegri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ
Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2011 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is .
Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

UMFÍ fréttir

UMFÍ-fréttir 2011

Árið 2011 var fyrir margar sakir viðburðarríkt hjá Ungmennafélagi Íslands. Góð þátttaka var í verkefnum hreyfingarinnar og í fyrsta skipti var haldið Landsmót UMFÍ 50+. Fjórtánda Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum og tókst með afbrigðum vel. Hér fyrir neðan verður stiklað á því helsta í starfi UMFÍ á síðasta ári.

Sambandsþing UMFÍ
Sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 15.-16. október. Samtals áttu 135 fulltrúar rétt til setu á þinginu. Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður en í nýrri stjórn sitja Stefán Skafti Steinólfsson, Haukur Valtýsson, Jón Pálsson, Bolli Gunnarsson, Björg Jakobsdóttir og Eyrún Harpa Hlynsdóttir. Í varastjórn eru Baldur Daníelsson, Matthildur Ásmundardóttir, Anna María Elíasdóttir og Einar Kristján Jónsson. Á öðrum stjórnarfundi skipti stjórnin með sér verkum. Haukur Valtýsson er varaformaður, Jón Pálsson gjaldkeri og Eyrún Harpa ritari.
Á þinginu var Björn B. Jónsson gerður að heiðursfélaga Ungmennafélags Íslands. Heiðursnafnbót UMFÍ er æðsta viðurkenning sem hreyfingin veitir. Héraðssamband

Sjávariðjan Rifi hf.

Vestfirðinga, HSV, hlaut hvatningarverðlaun UMFÍ 2011 fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið. Áralöng hefð er fyrir því á sambandsþingi UMFÍ að velja matmann þingsins. Austfirðingurinn Stefán Bogi Sveinsson naut þess heiðurs.

Vorfundur UMFÍ á Ísafirði

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Ísafirði dagana 27.-28. maí. Um 40 fulltrúar héraðssambanda sóttu fundinn. Fyrri daginn komu fulltrúar saman en þá fór fram kynning á starfsemi Evrópu unga fólksins. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, opnaði vorfundinn laugardagsmorgni og bauð fulltrúa hjartanlega velkomna til fundarins. Hún hvatti þá áfram í starfinu og hrósaði þeim fyrir gott og kröftugt starf. Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir frá Reykjavíkurborg var síðan með námskeið sem fjallaði um mannauð í félagsstarfi. Námskeiðið var afar gagnlegt og fræðandi og mun eflaust nýtast fulltrúum í starfi sínu til lengri tíma lætur.

Leiðtogaskóli NSU

Leiðtogaskóli NSU var haldinn á Íslandi dagana 8.-13. september 2011. Skólinn fór að mestu fram á Laugum í Sælingsdal en þátttakendur voru rétt um 30 talsins frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finnlandi. Margir skemmtilegir fyrirlestrar voru haldnir og þátttakendur fór í dagsferð um Snæfellsnesið. Þátttakendur voru á einu máli um að skólinn hefði heppnast einstaklega vel og þeir myndi muna vel eftir fjörugu lærdómsríku námskeiði.

Ungmennavika NSU

Dagana 31. júlí – 7. ágúst sl. var haldin ungmennavika á vegum NSU. Ungmennavikuna sóttu alls 13 ungmenni frá Íslandi en samtals voru þátttakendur hennar um 50 talsins. Þátttakendur komu frá Norðurlöndunum og einnig frá Suður Slésvík. Hópurinn hittist í Svíþjóð en þaðan var farið til Álandseyja og síðan til Finnlands. Aðalþema vikunnar var hvernig ætti að aðstoða innflytjendur við koma sér fyrir í samfélaginu. Aðstoð m.a. ungmennafélaga skiptir þar sköpum ásamt mörgum öðrum þáttum sem farið var inn á. Miklar umræður voru um mismunandi menningarheima og hvernig best sé að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Ferðin gekk öll afar vel fyrir sig en Guðjón Bjarni Hálfdánarson var farastjóri f.h. UMFÍ.

Unglingalandsmót UMFÍ 2011

Fjórtánda Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum dagana 29. – 31. júlí 201. Þátttakendur á mótinu voru rúmlega 1.200 sem var nokkuð færra en 2010 en þó eins og áætlanir sögðu til um. Öll keppnin gekk vel fyrir sig en keppt var í alls 11 keppnisgreinum og hafa þær aldrei verið fleiri. Gríðarlega mikil og metnaðarfull dagskrá var alla mótsdagana.

Íþróttakeppnin tók mestan tíma en samhliða henni var fjölbreytt dagskrá fyrir unga sem eldri. Tónlistin setti mikinn svip á mótið enda nær stanslaus tónlistardagskrá frá miðjum degi og langt fram á kvöld. Setningarathöfnin og mótsslitin voru færð í nýjan búning og þóttist taka afar vel enda mikið lagt í báða þessa viðburði.

Þjóðarsáttmáli gegn einelti

Baráttudagur gegn einelti var haldinn 8. Nóvember og voru landsmenn hvattir til að hringjan bjöllum og vekja þannig athygli á málstaðnum. Þá hljómuðu m.a. kirkjuklukkur og skipaflotinn þeytti lúðra. Í tilefni dagsins var undirritaður þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti. Forsætisráðherra er verndari átaksins og undirrituðu velferðaráðherra, fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra sáttmálann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ennfremur er fjöldi félaga og samtaka aðilar að sáttmálanum. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, undirritaði sáttmálann fyrir hönd UMFÍ.

VNU - Vest Nordisk Ungdomsforum

Aðalfundur VNU var haldinn á á þjónustumiðstöð UMFÍ 20. apríl 2011. Auk fulltrúa UMFÍ sóttu fundinn fulltrúar frá Sorlak á Grænlandi og FUR í Færeyjum. Helga Guðrún Guðjónsdóttir undirritaði f.h. UMFÍ samstarfssamning til þriggja ára á milli þessara þriggja aðila en UMFÍ mun leiða samstarfið á þessu tímabili. Á fundinum var farið yfir möguleika þessara aðila á samstarfi og með hvaða hætti það samstarf væri heppilegast. Fundinn sóttu frá UMFÍ: Garðar Svansson, Haukur Valtýsson og Ómar Bragi Stefánsson.

Hópur ungmenna frá Grænlandi kom í heimsókn til Íslands í lok júlí og ferðaðist um landið. Hópurinn dvaldi á Egilsstöðum og tók m.a. þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ sem þar var haldið á sama tíma.

Lýðháskólar

Ungmennafélag Íslands er í samstarfi við ellefu lýðháskóla í Danmörku. Níu þessara skóla eru íþróttalýðháskólar en tveir með aðrar áherslur. Á vorönn 2011 stunduðu 12 einstaklingar nám í skólunum en á haustönn stunduðu alls 34 einstaklingar nám í þeim skólum sem eru styrktir af UMFÍ. UMFÍ hefur sótt um styrki til Nordplus og síðan framselt þá til nemenda. Skólastjórnendur nokkurra skóla komu til Íslands og kynntu skólana og það framboð sem þar er í boði fyrir nemendum framhaldsskóla á Íslandi. Það er ekki ólíklegt að þessi kynning hafi skilað árangri miðað við þann fjölda sem nú er við nám í skólunum.

Þrastaskógur

Eitt hundrað ár eru síðan Tryggvi Gunnarsson athafnamaður gaf Ungmennafélagi Ísland Þrastaskóg til eignar. Stjórn UMFÍ skipaði 100 ára afmælisnefnd Þrastaskógar. Í henni sátu Björn B. Jónsson formaður, Einar Kr. Jónsson og Jón Sævar Þórðarson. Af tilefni af afmæli skógarins var sett upp veglegt upplýsingaskilti um skóginn við Þrastalund. Á skiltinu eru kort af skóginum með gönguleiðum og örnefnum, upplýsingar um gefandann og saga skógarins sett fram í stuttu máli. Einnig var hliðið fræga sem Ríkarður Jónsson hannaði fyrir 80 árum lagfært og sett í upprunalegt horf.
Í júlímánuði s.l. var boðið uppá afmælisskógargöngur öll þriðjudagskvöld. Nær tvö hundruð manns mættu í þessar göngur. Hver ganga hafði ákveðið þema þar sem nokkrir einstaklingar skiptu á milli sín leiðsögn. Fyrst var saga skógarins sem Björn B. Jónsson og Einar Kr. Jónsson leiddu, þar næst lífið í skóginum sem var undir leiðsögn Dr. Bjarna

Diðriks Sigurðssonar, síðan fuglar í skógi sem Örn Óskarsson líffræðingur sá um og síðast var tekið fyrir almenn skógrækt þar sem Böðvar Guðmundsson var í leiðsögn. Í september var upplýsingaskiltið vígt og af því tilefni, ásamt að fagna 100 árum Þrastaskógar, boðið til kaffisamsætis í Þrastalundi. Hópur ungmenna frá Selfossi gengu alla göngustíga skógarins í sumar og tíndu rusl og klipptu slútandi greinar. Fyrr á árinu voru tré og runnar fjarlægðir frá göngustígum þar sem þrengdi að gangandi fólki. Þrastaskógur skartaði því sínu fegursta á aldarafmæli skógarins.

Göngum um Ísland
Í byrjun sumars kom út bókin Göngum um Ísland. Bókin var alls 128 blaðsíður og þar var að finna útlistun á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið og á þeim 24 fjöllum sem sambandsaðilar UMFÍ tilnefndu í verkefninu Fjölskyldan á fjallið. Í bókinni er einnig að finna ýmsan fróðleik, t.d. um hvað þurfi að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Bókinni var dreift inn á allar N1-stöðvar sem og á sundsstaði, upplýsingamiðstöðvar og víðar. Góð þátttaka var í verkefninu.

Ganga.is
Vefsíðan www.ganga.is hefur frá upphafi fallið vel í kramið meðal landsmanna en síðan er aldrei vinsælli en yfir sumartímann. Vefsíðan hefur að geyma fjöldann allan af gönguleiðum um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Á vefsíðunni er þátttakendum gert kleift að halda utan um og fylgjast grannt með þeirri hreyfingu sem þeir hafa stundað og margir nýta sér þennan valkost allan ársins hring.

Fjölskyldan á fjallið
Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem slegið hefur í gegn hjá UMFÍ. Gríðarlegur fjöldi fólks hefur tekið þátt í verkefninu frá vori og fram á haust. Tuttugu sambandsaðilar hafa tilnefnt fjöll í verkefnið og skipulagt göngur á þau fjöll. Árlega skrá um 12.000 manns nöfn sín í gestabækur sem komið hefur verið fyrir á toppi þessara tilgreindu fjalla. Flest fjallanna eru auðveld yfirferðar og því kjörin fyrir fjölskylduna að ganga á. Markmiðið með verkefninu er að fá fjölskyldur í létta fjallgönguferð og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og um leið líkamsrækt innan fjölskyldunnar.

Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga!
Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert þann 5. júní. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri og hægt er að velja milli þátttöku í einstaklingskeppni, hópa/fyrirtækjakeppni og/eða þátttöku í báðum keppnunum. Þátttakendur skrá niður hreyfinguna sína inn á vefsíðuna ganga.is eða þau fjöll sem þeir hafa gengið uppá. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig saman. Þátttakan í verkefninu var góð og fengu þátttakendurnir sem stóðu sig best sérstaka viðurkenningu.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ
Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í fjórða sinn sl. sumar. Frjálsíþróttaskólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11 – 18 ára. Ungmennin koma saman á hádegi á mánudegi en skólanum lýkur á hádegi á föstudegi í sömu viku. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum en auk frjálsra íþrótta er farið í sund, leiki, óvissuferðir og kvöldvökur eru haldnar. Ungmennin borga þátttökugjald sem haldið er í algjöru lágmarki en innifalið í því er kennsla, fæði og gisting alla vikuna. Skólinn er haldinn á fimm til sjö stöðum á hverju sumri.

Leiðtogaskólinn
Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið á vegum Ungmennafélags Íslands. Lögð er áhersla á að bjóða uppá námskeið sem gagnast félagsmönnum sem best. Megin áhersla hefur verið lögð á námskeiðið Sýndu hvað í þér býr. Á námskeiðunum er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku og fundarsköpum. Haldin hafa verið fjölmörg námskeið víða um land sem hlotið hafa góðan hljómgrunn. Einnig hafa verið haldin námskeið í viðburðastjórnun sem og fjármálum og styrkjum.

Landsmót UMFÍ 50+
Fyrsta landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Hvammstanga dagana 24. – 26. júní 2011. Mótshaldari var USVH og gekk mótið í alla staði mjög vel fyrir sig. Þátttakendur á mótinu voru 300 sem er vel viðunandi miðað við að þetta er fyrsta landsmótið sem haldið hefur verið af þessum toga. Öll keppni gekk vel fyrir sig og keppt var í 12 keppnisgreinum en þær voru: sund, golf, boccia, hestaíþróttir, frjálsar íþróttir, starfsíþróttir, bridds, badminton, skák, pútt, þríþraut og fjallaskokk. Fara þurfti í ýmsar framkvæmdir fyrir mótið t.d. útbúa púttvöll og aðstöðu fyrir frjálsíþróttakeppni.
Kvöldvökur voru á föstudags- og laugadagskvöldinu sem vöktu mikla ánægju. Keppendur sem og gestir voru afar ánægðir með mótið enda lagt upp með að hafa gaman. 2. Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Mosfellsbæ dagana 8. -10. júní í sumar.

Þjónustumiðstöð UMFÍ
Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtún 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmiss þjónustu við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o. fl.Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Skrifstofa Evrópu unga fólksins er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum
Aðsókn í ungmenna- og tómstundabúðanna er sífellt að aukast eftir hrun. Fjöldi þátttakenda síðasta vetur var um 1700. Guðmundur Arngrímsson landslaga-arkitekt hefur unnið að því að byggja upp þrauta- og leikjabraut á lóð Lauga, sem kemur til að nýtast við kennslu og í frjálsa tímanum, vonast er til að hún verði til að vekja áhuga ungmennanna á meiri útiveru. Á Laugum hafa staðið yfir miklar endurbætur á húsnæði. Mikil breyting hefur orðið á staðnum. Búið er að mála hluta húsnæðisins að utan og taka millibyggingu á milli hótels og skólastofu álmu í gegn.

Umhverfismál
Dagur íslenskrar náttúru var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 16. september 2011. Dagurinn er fæðingardagur Ómars

Ragnarssonar. Felst í þessu viðurkenning á framlagi Ómars til náttúruverndar og almenningsfræðslu um mikilvægi íslenskrar náttúru sem og allra þeirra sem lagt hafa sitt af mörkum til að fræða um íslenska náttúru.
Umhverfisráðherra veitt í fyrsta skipti veita viðurkenningu sem kennd verður við Ómar Ragnarsson. Viðurkenningin var veitt fyrir vandaða og eftirtektarverða umfjöllun eða fræðslu um náttúru Íslands. UMFÍ gerði þessum degi góð skil en farið var í herferð þennan dag með útvarpsstöðinni Bylgjunni þar sem brýnt var fyrir landsmönnum að ganga vel um landið. Einnig voru sambandsaðilar UMFÍ hvattir til að taka þátt í deginum.

Skinfaxi
Eins og áður komu fjögur blöð út af Skinfaxa. Sérstakt aukablað kom út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið var í fyrsta skipti á Hvammstanga sl. sumar. Blaðið var prentað í 25 þúsund eintökum og fékk mikla og góða dreifingu um land allt. Það sama verður einnig sagt um unglingalandsmótsblaðið sem fór í góða dreifingu víðs vegar um landið. Blaðið hóf samvinnu við N1 um dreifingu og hefur sú samvinna gengið vel en dreifing með þessum aðila var stórt stökk fyrir blaðið. Skinfaxi sést víðar og vekur athygli á þeim stöðum sem það liggur frammi.

Forvarnardagurinn
Forvarnardagurinn 2011 var haldinn í sjötta sinn 5.október. Forvarnardagurinn er helgaður þremur meginskilaboðum sem byggð eru á niðurstöðum íslenskra rannsókna, sem eru samvera, íþróttir og æskulýðsstarf og fresta áfengisdrykkju. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands og Actavis í samvinnu við Ungmennasamband Íslands Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Reykjavíkurborgar. Actavis er auk þess styrktaraðili verkefnisins.

Sú nýjung var að þessu sinni að samstarf náðist við framhaldsskóla landsins og var í fyrsta sinn efnt til myndbandskeppni á meðal framhaldsskólanema.

Fyrirmyndarleikmaðurinn
Fyrirmyndarleikmaðurinn er átaksverkefni gegn munntóbaksnotkun knattspyrnumanna og ungs fólks, á vegum embættis Landlæknis, UMFÍ, KSÍ, ÍSÍ og ÁTVR. Einnig er herferðinni beint gegn notkun tóbaks á íþróttasvæðum. Forystumenn íþróttafélaganna eru hvattir til að fylgja eftir ályktun Íþrótta og sérsambanda, að útrýma allri notkun tóbaks úr öllu íþróttastarfi. Átakið var kynnt rækilega með auglýsingum og umfjöllun fjölmiðla. Markmið átaksins er að koma þeim skilaboðum áleiðis að íþróttir og munntóbak eiga enga samleið.

Kompás
Námskeið í Kompás undir yfirskriftinni Höfum við sama rétt - ég og þú? Fyrir nemendur í framhaldsskólum voru haldin á Laugum í Þingeyjarsýslu og á Húsavík. Námskeiðin voru byggð upp á leikjum og samtölum. Markmiðið var einnig að efla borgarvitund og eigin hugsun um hugmyndir um lýðræði. Námskeiðin voru vel heppnuð og ágætlega sótt.

Þátttaka er lífstíll
Málþing undir yfirskriftinni Þátttaka er lífstíll voru haldin á vormánuðum á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Málþingið bæði voru vel sótt og tóku þátt í þeim um 300 manns. Dagskrá þinganna var fjölbreytt. Ungmennaráð UMFÍ kynnti starfsemi sína. Þá fór einnig fram kynning á forvarnarstarfi og notkun á munntóbaki og hafði jafningjafræðslan umsjón með kynningunni. Heimamenn kynntu svo starfsemi ungmenna í sínu héraði. Þátttakendum var síðan skipt í vinnuhópa.

Arion banki

Aðildarfélög og formenn félaga

Umf. Snæfell	stofnd. 23. október 1938	Form. Hjörleifur K. Hjörleifsson	Ásklif 11, 340 Stykkishólmi
Mótorkrossfélag GRF	stofnd. 2005	Form. Magnús Jósepsson	Grundargötu 17, Grundarfirði
Umf. Víkingur	stofnd. 1928	Form. Einar Magnús Gunnlaugsson	Engihlíð 2, 355 Ólafsvík
Umf. Staðasveitar	stofnd. 11. janúar 1912	Form. Kristján Þórðarson	Ölkeldu, 356 Snæfellsbæ
Umf. Reynir	stofnd.16. júlí 1934	Form. Þóra Olsen	Munaðarhól 6, 360 Hellissandi
Umf. Grundarfj.	stofnd.10 júlí 1933	Form. Tómas Freyr Kristjánsson	Grundargötu 68, 350 Grundarf.
Umf. Eldborg	stofnd. 8. ágúst 1915	Form. Kristján Á. Magnússon	Snorrastöðum, 311 Borgarnes
Mótorkrossfélag Snæ		Form. Rúnar Már Jóhannsson	Brautarholti 15. 355 Ólafsvík
Skotfélag Grundarf.	stofnd.10. október 1987	Form. Jón Pétur Pétursson	Hrannarstíg 4, 350 Grundarfirði
Íþróttafél. Miklaholtshr.	stofnd. 31. janúar 1937	Form. Harpa Jónsdóttir	Hjarðarfell, 311 Borgarnes
Hest.ma.f. Snæfellingur	stofnd. 3. desember 1963	Form. Gunnar Sturluson	Sigluvogi 9, 104 Reykjavík
Golfklúbbur Staðasv.	stofnd. ágúst 1998	Form. Haukur Þórðarson	Votalæk, 356 Snæfellsbæ
Golfklúbburinn Vestarr	Stofnd. 27.júlí 1995	Form.Dagbjartur Harðarson	Fellabrekku 21, 350 Grundarf.
Golfklúbburinn Mostri	stofnd.13.nóvember1984	Form. Dagný Þórisdóttir	Sjávarflöt 1, 340 Stykkishólmi
Golfklúbburinn Jökull	stofnd. 21. júlí 1973	Form. Örvar Ólafsson	Stekkjarholt 8, 355 Ólafsvík

Lottó/ úthlutunarreglur HSH

1. 42% til HSH
2. 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:
   a) 5% jafnt milli félaga.
   b) 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.
      Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
      1) Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.
      2) Skilar fullnægjandi skýrslum.
      3) Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.
      4) Stendur fyrir virku félags-og íþróttastarfi.
   c) 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.
      Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.
   d) 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1.desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
   e) 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Stærð félaga og tekjur af lottói

Félög	Félagar	jan-feb	mars-apr	maí-júní	júl-ág	sept-okt	nóv-des	Samtals	skinfaxi	Skattur	Verðlaun	þátt.gj. 2011	Útborgað	félagar 16+
Eldborg	75	7565	8375	10212	8129	9785	9932	53.998	1990	13500			**38.508**	75
ÍM	91	8606	9528	11618	9249	11133	11299	61.433	1990	16200			**43.243**	90
Umf. Stalarsv.	109	8788	9730	11864	9445	11369	11539	62.735	1990	16740			**44.005**	93
G. Staðarsv.	37	5533	6125	7469	5946	7157	7264	39.495	1990	6300			**31.205**	35
Skotgrund	36	5182	5737	6996	5569	6703	6804	36.991	1990	6480			**28.521**	36
Reynir	139	9074	10046	12249	9751	11737	11913	64.770	1990	14220			**48.560**	79
Víkingur	742	51942	57506	70122	55820	67191	68198	370.780	1990	97200			**271.590**	540
UMFG	653	50040	55400	67554	53775	64730	65700	357.199	1990	96120			**259.089**	534
Snæfell	595	56209	62229	75882	60405	72710	73800	401.236	1990	76680			**322.566**	426
Golfkl. Jökull	46	6983	7731	9427	7504	9033	9168	49.846	1990	8280			**39.576**	46
Golfkl. Vestarr	80	17713	19610	23913	19035	22913	23257	126.442	1990	13500			**110.952**	75
Golfkl. Mostri	149	19111	21158	25800	20538	24722	25092	136.422	1990	23040			**111.392**	128
Íþrd. Snæfellings	153	25096	27784	33879	26969	32463	32950	179.140	1990	23040			**154.110**	128
Mótork.Grf	27	5295	5862	7148	5690	6850	6952	37.798	1990	4860			**30.948**	27
Mótork.Snb	30	5005	5542	6757	5379	6475	6572	35.730	1990	5400			**28.340**	30
Landsmótssjóður		31516	34892	42547	33869	40768	41379						224.971	
SAMTALS:	**2.962**	**313659**	**347254**	**423440**	**337073**	**405739**	**411821**	**2.014.015**	**29850**	**421560**	**0**	**0**	**1.562.605**	2342

LÖG HÉRAÐSSAMBANDS SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

1. KAFLI
TILGANGUR, MARKMIÐ OG HLUTVERK

1. GREIN
Sambandið heitir Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skammstafað HSH. Heimili þess og varnarþing er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

2. GREIN
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu er samtök ungmenna- og íþróttafélaga, og annarra slíkra félaga, sem vinna að sömu markmiðum á starfssvæði héraðsnefndar Snæfellinga. Tilgangur HSH er að hafa forystu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaganna, efla samvinnu þeirra, svo og að vera fulltrúi þeirra jafnt utan héraðs sem innan.

3. GREIN
Markmið HSH er að sameina íbúa héraðsins um að efla og vernda sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná með eftirfarandi stefnuskrá:

a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
b) Að vinna að bindindi og útrýmingu skaðnautna.
c) Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
e) Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, átthaga og ættjörð.
f) Að efla íþróttir og viðhalda þeim meðal félaga innan sambandsins, með því að styrkja íþróttanámskeið og halda íþróttamót, þar sem fari fram íþróttakeppni og íþróttasýningar, svo oft sem héraðsþing og stjórn telur nauðsynlegt og framkvæmanlegt.
g) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.
h) Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
i) Að vinna að jafnrétti allra manna.
j) Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

4. GREIN
Hlutverk héraðsambandsins er:

a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð er stofnuð er fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.
d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
f) Að staðfesta lög aðildarfélaga.
g) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðsambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

2. KAFLI
RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGANNA

5. GREIN
Öll félög, sem vinna að sömu markmiðum og HSH og hafa aðsetur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hafa réttindi til að gerast aðilar að sambandinu, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem sett eru á hverjum tíma

SJÓVÁ

6. GREIN
Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssambandið er:
a) Félagið vinni að sömu markmiðum og HSH.
b) Að félagið sendi lög sín, skýrslur um stofndag, félagafjölda og stjórn félagsins til stjórnar HSH og að lögin séu í samræmi við lög og reglur HSH, ÍSÍ og UMFÍ
c) Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og skyldur, nýtur það þegar keppnisréttar á mótum HSH, en annarra réttinda nýtur félagið ekki fyrr en sex mánuðum eftir að héraðsþing HSH hefur samþykkt inngöngu þess í sambandið.

7. GREIN
Öllum sambandsfélögum er skylt að halda skrá yfir félaga sína. Í skránni skal standa nafn, kennitala og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Sambandsfélögin skulu senda HSH afrit og breytingar á skránni með starfsskýrslum .

8. GREIN
Héraðsþing HSH ákveður skattgreiðslur félaga. Skatt þurfa félög að inna af hendi til HSH fyrir árslok ár hvert og miðast skattgreiðslur við tölu skattskyldra félaga, 16 ára og eldri, eins og þeir voru í skýrslu síðastliðins árs. Skýrslu- og reikningsár HSH er almanaksárið.

9. GREIN
Sambandsfélög HSH skulu senda yfirlitsskýrslur yfir störf síðastliðins árs fyrir 15. janúar hvert ár, til birtingar í ársskýrslu HSH. Í þessari yfirlitsskýrslu komi fram það helsta, sem gerðist á árinu innan viðkomandi félags.

10. GREIN
Félög, sem ekki hafa greitt lögboðin gjöld eða sent ársskýrslur fyrir 15.apríl missa atkvæðisrétt sinn á næsta héraðsþingi HSH. Hafi skýrslur eða gjöld ekki borist næsta ár á eftir, skal héraðsþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr sambandinu og ef ekki, hvort og þá hvernig skuli refsa því.

11. GREIN
Víkja má félagi úr HSH um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög, reglur eða ákvæði HSH og/eða lög sérsambanda, sem sambandið á aðild að.

12. GREIN
Félag, sem misst hefur réttindi sín, getur ekki öðlast þau aftur, nema það fullnægi settum refsiákvæðum, eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

13. GREIN
Vilji félag ganga úr sambandinu skal það senda skriflega úrsögn fyrir héraðsþing. Er úrsögn ógild ef síðar kemur. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins. Einnig sé það með öllu skuldlaust við sambandið.

3. KAFLI
STJÓRN HSH

14. GREIN
HSH er stjórnað af þessum aðilum:
a) Héraðsþingi.
b) Stjórn.

15. GREIN
Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:
2 fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn
3 fulltrúa fyrir hverja 51-150félagsmenn
4 fulltrúa fyrir hverja 151-300 félagsmenn
5 fulltrúa fyrir hverja 301- félagsmenn
Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf, sem stjórn HSH leggur til.

16. GREIN
Héraðsþing HSH skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Til þess skal boða með ábyrgðarbréfi eða í símskeyti með 30 daga fyrirvara. Skriflegt fundarboð, síðara fundarboð skal senda með eigi minna en einnar viku fyrirvara stjórnum allra sambandsfélaga og sérráða HSH og skal fylgja því dagskrá þingsins svo og framkomnar tillögur um lagabreytingar og önnur mál. Héraðsþing er löglegt sé löglega til þess boðað og helmingur kjörinna fulltrúa mættur.

17. GREIN
Á héraðsþingi HSH eiga sæti fulltrúar þeir, sem sambandsfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 16. greinar. Heimild til þingsetu með tillögurétti og málfrelsi hafa, auk stjórnar HSH, fulltrúar frá landssamtökum og sérsamböndum, sem HSH á aðild að, svo og fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og sýslu um æskulýðs- og íþróttamál.

18. GREIN
Tilhögun héraðsþingsins skal vera þessi:
1.Þingsetning.
2.Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Kosning nefnda þingsins:
a)Fjárhagsnefnd.
b)Íþróttanefnd.
c)Allsherjar- og laganefnd.
8. Ávörp gesta
19. Fjárhagsáætlun lögð fram.
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Nefndarstörf.
12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
13. Kosningar:
a) Formaður HSH
b) Aðrir í stjórn og varastjórn.
c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.

e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.
f) Kosning fulltrúa á Íþróttaþing ÍSÍ

14. Önnur mál.
15. Þingslit.

Öllum meiriháttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs.

19. GREIN
Við atkvæðagreiðslu almennra mála á héraðsþingi HSH og í kosningum ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi.

20. GREIN
Aukaþing skal halda ef:
a)Tilmæli koma frá stjórnum landssamtaka.
b)Tilmæli koma frá a.m.k. 2/5 sambandsfélaganna.

21. GREIN
Í stjórn HSH eiga sæti 5 menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, sem kjörnir eru af Héraðsþingi HSH. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til 2 ára. Formenn aðildarfélga HSH skipti með sér setu í varastjórn, 4 formenn eitt ár í senn.

22. GREIN
Stjórn HSH skal gera ráðum sambandsins erindisbréf að loknu héraðsþingi. Í erindisbréfum ráða skulu koma fram sérstök verkefni viðkomandi ráðs á starfsárinu.

23. GREIN
Stjórn HSH skal halda sambandsráðsfund með formönnum sambandsfélaga og ráða. Að hausti, á haustfundi skal sumarstarfið metið og gerð áætlun um störf vetrarins eftir því sem við verður komið.

24. GREIN
Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra mála. Einnig getur hún falið félagi ákveðin verkefni, sem því er skylt að leysa af hendi svo vel sem því er unnt. Stjórn HSH skal semja fyrirfram við viðkomandi félag um skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins.

25. GREIN
Gera skal skýrslur um öll íþróttamót og senda til stjórnar HSH sem skal veita þeim viðtöku og geyma í skjalasafni sínu. Stjórn HSH skal skylt að senda sambandsfélögum sínum afrit af öllum fundum sínum, svo og skýrslur af mótum sambandsfélaganna.

26. GREIN
Lögum þessum breytt 23 febrúar 2010 og öðlast þegar gildi

Nefndir og ráð HSH

Uppstillingarnefnd
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson – Snæfell – formaður
Einar Gunnlaugsson – Víking
Kristján Þórðarson – Staðarsveit
Tómas Freyr Kristjánsson – UMFG

Blakráð HSH
Elvar Þór Alfreðsson – UMFG – formaður
Vigfús Örn Gíslason – Víking
Snædís Hjartardóttir – Reynir
Berglind Þorbergsdóttir – Snæfell
B. Unnur Guðbjartsdóttir – UMFG

Frjálsíþróttaráð HSH
Edda Sóley Kristmannsdóttir – Snæfell – formaður
Hrefna Frímannsdóttir – Snæfell
Kristín Halla Haraldsdóttir – UMFG

Golfráð HSH
Högni Högnason – Mostra – formaður
Haukur Þórðarson – Staðarsveit
Pétur V Georgsson – Vestarr
Örvar Ólafsson – Jökull

Knattspyrnuráð HSH
Gísli Marteinsson – Víking
Freydís Bjarnadóttir – UMFG
Baldvin Leifur Baldvinsson – Víking
Eygló Bára Jónsdóttir – UMFG
Steindór Hjaltalín – Snæfell

Körfuknattleiksráð HSH
Gunnar Svanlaugsson – Snæfell – formaður
Þorbergur Bæringsson – Snæfell
Davíð Sveinsson – Snæfell
Hermundur Pálsson – Snæfell
Jens Guðmundsson – Víking

Sundráð HSH
María Alma Valdimarsdóttir – Snæfell – formaður
Íris Ósk Jóhannsdóttir – Reyni
Kolbrún Ósk – Víking



N1

Skýrslur félaga

Golfklúbburinn Vestarr

Sumarið fór rólega af stað hjá okkur eins og öðrum klúbbum á landinu vegna kulda, mótum varð frestað og fáir nenntu að spila golf af einhverju viti í maí og framan af júní. Veðrið var eins og það væri haust og eins og sumarið ætlaði aldrei að byrja fyrir alvöru.
Þrátt fyrir þessa byrjun var ótrúlega margt unnið í klúbbnum. Mörg stór verkefni voru í gangi í sumar og spurning hvort ekki hafi hreinlega verið farið í of margt í einu?
Ég er þó sammála Marteini sem sagði að það sem við byrjum á verður klárað, þess vegna væri alveg eins gott að vaða bara í verkin. Marteinn var ótrúlega duglegur á vellinum í sumar og svo voru fjórir starfsmenn að vinna á vellinum, sem varð til þess að hægt var að fara í fleiri verkefni en ella.
Þau verkefni sem unnið var í voru t.d. klæðning á gámum þannig að úr verði settageymsla og vinnuskúr sem verður okkur til sóma. Nýtt æfingasvæði, þar sem búið er að steypa upp svæði til að slá af, breytingar á bílastæði, gróðursetning í stórum stíl, þar sem okkur áskotnaðist yfir 600 plöntur. Framkvæmdir við lengingu 2. Brautar eru líka komnar af stað ásamt uppbyggingu á nýjum karlateig en vonandi verður hægt að taka þá breytingu í notkun næsta sumar.
En það var ekki nóg fyrir okkur að vera í öllum þessum verkefnum í einu, nei það var ákveðið að búa til framtíðarskipulag fyrir golfvöllinn þar sem allir hefðu jafnan rétt til að skila inn hugmyndum, en sú vinna gekk vel. Stærsta niðurstaðan úr því fannst mér að lang flestir eru sammála um að beinagrindin í vellinum er góð og þær breytingar sem flestir vilja sjá eru í beinu framhaldi af því sem hefur verið gert í gegnum tíðina. Stærsta málið í náinni framtíð finnst mér að við þurfum að taka upp flatirnar, en fyrsti áfangi í því verkefni var unnin í sumar þar sem búinn var til grasbanki sem verður vonandi tilbúinn fyrir fyrstu framkvæmdir næsta haust þannig að hægt verði að endurgera tvær flatir þá.
Við erum víst í þessum félagsskap af því að okkur finnst gaman í golfi og einhver tími var víst notaður í það líka.
Það sem stendur uppúr í mínum huga þar er margt. Árangur í sveitakeppni GSÍ var frábær, bæði í golfi en ekki síður í framkvæmd, en klúbburinn hélt 5. Deild karla í sumar og allir þátttakendur voru alsælir með framkvæmd mótsins og ástand vallarins. Margir komu að þessu verkefni bæði sem keppendur og starfsmenn og ég vil óska öllum til hamingju með þann árangur sem náðist, en kvennaliðið okkar mun leika í efstu deild á næsta ári í fyrsta sinn þar sem spilað verður á 18. Holu velli Kjalar í Mosó. Karlasveitin fór líka upp um deild og mun spila í 4. Deild í Hveragerði næsta sumar.
Íslandsmót 35 ára og eldri var tekið með trompi af klúbbmeðlimum. Miðað við veðrið framan af sumri er kannski hægt að segja að klúbbmeðlimir hafi verið orðnir sérfræðingar í að spila í erfiðu veðri. Ágúst Jónsson vann sinn flokk og varð Íslandsmeistari í 4. Flokki karla og Jón Björgvin Sigurðsson þriðji. Jón Kristbjörn Jónsson varð í 2. Sæti í öðrum flokki karla og Anna María Reynisdóttir varð í 2. Sæti í þriðja flokki kvenna.
Af mótunum okkar fannst mér fyrsta tilraun okkar til að halda bikarkeppni ganga mjög vel og vonandi er það mót komið til að vera. Mótadagskrá var annars með hefðbundnu sniði sem er frábært þar sem við héldum öllum stærstu styrktaraðilum mótanna, en það er ekki sjálfgefið eins og staðan er í samfélaginu. Heimamenn voru duglegir að mæta í mót en gestir voru með minnsta móti í sumar, en margir klúbbar hafa þá sögu að segja eftir sumarið.
Fjármál klúbbsins hafa verið tekin föstum tökum í 15 ár, árið 2011 var engin undantekning. Fyrir þá sem vilja fylgjast með þá er bókhaldið í beinni á netinu sem ég held að sé einsdæmi hjá félagasamtökum á Íslandi. Mesta furða var hversu vel gekk að fá styrki, en margir hafa komið að því að safna fé fyrir klúbbinn. Klúbburinn er orðinn skuldlaus sem er með ólíkindum þar sem við höfum staðið í miklum framkvæmdum og fjárfestingum allt frá upphafi, en það segir mikið um hvernig hefur verið staðið að málum í klúbbnum.
Félagsmenn eru allt í einu orðnir um 190, en í vor var undirritaður samstarfssamningur við golfklúbb starfsmannafélag Arion banka þar sem við fáum ákveðna þóknun fyrir það að halda utan um þeirra skráningu hjá golfsambandinu. Félagsmenn okkar eru um 100, en einhver fækkun varð frá í fyrra í þeim hópi.
Ég vil enda á að þakka öllum fyrir skemmtilegt og vinnusamt starfsár, vonandi verður jafn mikið að frétta af okkur eftir ár.

Pétur Georgsson
Formaður GVG

Hestamannafélagið Snæfellingur

Stjórn Snæfellings

Á síðasta aðalfundi félagsins voru þau Ásdís Ólöf Sigurðardóttir, Kristján Magni Oddsson, (varaformaður), Sæþór Þorbergsson, (gjaldkeri), Herborg Sigurðardóttir (ritari), og Gunnar Sturluson, (formaður) kjörin í stjórn og Gísli Guðmundsson, Lárus Hannesson, Lárus Sverrisson, Ólafur Tryggvason og Laufey Bjarnadóttir til vara. Stjórnin hefur haldið reglulega fundi.

Félagsstarfið

Aðalfundurinn var haldinn á Breiðabliki 16 mars.
Haldin var fjölsótt folaldasýning í janúar á folöldum fæddum 2010 í samstarfi við Hestamiðstöðina í Söðulsholti. Einnig héldum við aðra folaldasýningu í október á folöldum fæddum 2011 í Reiðhöllinni í Grundarfirði.
Töltmót var haldið í Söðulsholti 11. mars.

Héldum námskeiðið um litaerfðir hrossa í Fákaseli fimmtudaginn 24. feb. Á námskeiðinu var farið yfir helstu hrossaliti og erfðum þeirra lýst. Myndir voru notaðar og raunveruleg dæmi tekin til útskýringar. Markmiðið er að þátttakendur öðlist skilning á helstu atriðum litaerfðanna.
Æskulýðsnefndin var með "hitting", þrautabraut (smala) og grillaðar pylsur í reiðhöllinni í Grundafirði sunnudaginn


Verið að veita þátttökupeninga í yngri flokk á Töltmótinu

27 mars. Boðið var uppá á að þeir sem ekki hefðu aðgang að hesti gætu fengið lánaðan hest við hæfi. Þetta tókst mjög vel og stefnt er á tvo svona daga í vetur, komnar eru dagsetningarnar 12. febrúar og 15. apríl.
Það var ákveðið að selja peysur merktar Snæfellingi. Peysurnar voru svo afhentar fyrir Landsmót hestamanna og voru félagsmenn Snæfellings því vel merktir Snæfellingi á mótinu. Var þetta verkefni styrkt af nokkrum hrossabúum á félagssvæðinu, Hestamiðstöðinni Söðulsholti, Brimhestum á Brimilsvöllum, Hellnafellshestum, Hrossaræktarbúinu Bergi, Hrísdalshestum og Hömluholt ehf.
Kvennareið Snæfellings 2011 var 16. júni í Stykkishólmi.
Fyrirhugað var að hafa járninganámskeið á Snæfellsnesi sunnudaginn 20. mars, ekki fékkst nóg þátttaka.
Stefnt var á fjörureiðtúr 5. mars en vegna verðurs var ekki hægt að ferðast með hestakerrur þann dag.
Menningarferð hestamanna á Snæfellsnesi, átti að fara 2. apríl, ekki fékkst nóg þátttaka.

Mót
Tóku nokkrir félagsmenn þátt í liði Snæfellinga í KB mótaröðinni í Borgarnesi og gekk það vel.

Íþróttamót í Stykkishólmi 21. maí 2011
Íþróttamótið tókst mjög vel og þökkum við þeim Hólmurum fyrir aðstöðuna og aðstoðina.
Mikil skráning var og sérstaklega í minna vonum knöpum og fögnum við því og höldum áfram að hvetja minna vana knapa til að taka þátt í mótunum, þar sem allir ættu að geta fundið flokk við sitt hæfi.

Félagsmót og úrtaka fyrir Landsmót
Snæfellingur hélt félagsmót og úrtöku fyrir Landsmót á Kaldármelum þann 13. júní
Inn á Landsmót höfðu eftirtaldir hestar rétt á fara fyrir Snæfelling:

A-flokkur gæðinga
Hrókur frá Flugumýri, eigandi Hrísdalshestar sf., knapi Siguroddur Pétursson.
Pollý frá Leirulæk, eigandi Hrísdalshestar sf., knapi Siguroddur Pétursson.

B-flokkur Gæðinga
Glóð frá Kýrholti, eigandi Hrísdalshestar sf., knapi Siguroddur Pétursson.
Sveindís frá Kjarnholtum, eigandi Sæmundur Runólfsson, knapi Þórarinn Ragnarsson.

Barnaflokkur
Frosti frá Glæsibæ, eigandi Hrísdalshestar sf., knapi Borghildur Gunnarsdóttir.
Lilja frá Brimilsvöllum, eigandi Ólafur Tryggvason, knapi Harpa Lilja Ólafsdóttir.

Unglingaflokkur
Lyfting frá Kjarnholtum, eigandi Siguroddur Pétursson, knapi Guðný Margrét Siguroddsdóttir.
Sunna frá Grundarfirði, eigandi Ólafur Tryggvason, knapi Guðrún Ösp Ólafsdóttir.

Ungmennaflokkur
Brúnki frá Haukatungu Syðri, eigandi og knapi Arnar Ásbjörnsson.

Fulltrúar Snæfellings stóðu sig með prýði á Landsmótinu og voru félagi sínu til sóma. Hópurinn tók þátt í fánareið á Landsmóti undir stjórn Ásdísar Ó. Sigurðardóttur.


Brynja Gná og Snjólfur

Úrslit félagsmóts voru þessi:
A-flokk gæðinga sigraði Hrókur frá Flugumýri II knapi Siguroddur Pétursson. A-flokkur gæðinga minna keppnisvanir, Þytur frá Stakkhamri 2, knapi Laufey Bjarnadóttir.

B-flokk gæðinga sigraði, Glóð frá Kýrholti, knapi Siguroddur Pétursson. B-flokk gæðinga fyrir minna keppnisvana sigraði Nasa frá Söðulsholti, knapi Ágústa Rut Haraldsóttir.

Byrjendaflokkur. Þar sigraði Baron frá Þóreyjarnúpi, knapi Margrét Þóra Sigurðardóttir.



Þotuskjöldurinn afhentur

Unglingaflokkur. Þar sigraði Lyfting frá Kjarnholtum I, knapi Guðný Margrét Siguroddsdóttir. Ungmennaflokkur. Þar sigraði Brúnki frá Haukatungu Syðri, knapi Arnar Ásbjörnsson. Í barnaflokki sigraði Frosti frá Glæsibæ, knapi Borghildur Gunnarsdóttir.

Niðrustaðan í töltkeppni var sem hér segir: 1. flokkur – þar sigraði Siguroddur Pétursson / Glóð frá Kýrholti. 2. flokkur, þar sigraði Arnar Ásbjörnsson / Brúnki frá Haukatungu Syðri. Unglingaflokkur - Guðný Margrét Siguroddsdóttir / Vordís frá Hrísdal 1.

Hestur mótsins var valinn Hrókur frá Flugumýri í eigu Hrísdalshesta sf.
Hryssa mótsins var valin Lyfting frá Kjarnholtum I eigandi Siguroddur Pétursson
Efnilegasti knapi mótsins Brynja Gná Heiðarsdóttir og reið hún Snjólfi frá Hólmahjáleigu í barnaflokki.

Félagið sendi fulltrúa á fundi á vegum Landssambands hestamannafélaga, s.s. formannafund og aðra fundi. Gunnar Sturluson situr sem varaformaður í stjórn LH og einnig í stjórn FEIF.
Stjórnin á í viðræðum við önnur hestamannafélög á Norðvesturlandi um fjórðungsmót árið 2013.

Uppskeruhátíðin

Uppskeruhátíð Snæfellings var haldin 11. nóvember og tókst frábærlega Mætingin var mjög góð þar sem um 70 manns komu saman að Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit. þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir árangur ársins í kynbótastarfi og íþróttakeppni, auk þess sem Þotuskjöldurinn var afhentur.

Ræktunarverðlaun fyrir hryssur
4 v Stássa frá Naustum bygg 8,05 hæf 8,00 aðal 8,02 Illugi Pálsson, Naustum
5 v Skriða frá Bergi bygg 8,13 hæf 8,43 aðal 8,31 Jón Bjarni, Bergi
6 v Brá frá Bergi bygg 8,02 hæf 8,40 aðal 8,25 Anna Dóra, Bergi
7 v og eldri Pollý frá Leirulæk bygg 8,03 hæf 8,08 aðal 8,06 Hrísdalshestar sf

Ræktunaverðlaun fyrir stóðhesta
4 v Haki frá Bergi bygg 8,18 hæf 8,01 aðal 8,07 Jón Bjarni, Bergi
5 v Valur frá Keldudal bygg 7,89 hæf 8,30 aðal 8,13 Hrísdalshestar sf
6 v Sporður frá Bergi bygg 8,11 hæf 8,27 aðal 8,21 Jón Bjarni, Bergi
7 v og eldri Uggi frá Bergi bygg 8,24 hæf 8,79 aðal 8,57 Jón Bjarni, Bergi



Hvatningarverðlaunin afhent

Hvatningarverðlaun
Harpa Lilja Ólafsdóttir
Guðrún Ösp Ólafsdóttir
Arnar Ásbjörnsson
Margrét Þóra Sigurðardóttir

Knapi ársins
Siguroddur Pétursson

Besti árangur í yngri flokkum
Guðný Margrét Siguroddsdóttir

Ræktunarbú ársins og Þotuskjöldurinn.
Þotuskjöldinn og viðurkenningu fyrir ræktunarbú ársins fengu hjónin á Bergi í Eyrarsveit, Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson fyrir frábært ræktunarstarf, en s.l. 2 ár hafa þau verið tilnefnd til heiðursverðlauna Bændasamtaka Íslands. Þau voru líka valin sem



Mynd frá árinu 1974. Leifur Kr. Jóhannesson og Snæfaxi frá Stykkishólmi, 4 vetra með Snæfellingsístaðið, góðhestaverðlaun gefin af Kaupfélgi Borgfirðinga 1965.

hrossaræktarbú ársins hjá Hrossaræktarsambandi Vesturland.

Verið er að skanna inn myndir sem eru teknar á Kaldármelum af mótum og eru í eigu Halldísar Hallsdóttur og verða þær settar á heimasíðuna, http://snaefellingur.123.is/

Snæfellingshöllin.
Snæfellingur á hlut í reiðhöllinni í Grundarfirði á móti Guðmundi Ólasyni, Hesteigendafélaginu í Grundarfirði og Grundarfjarðarbæ eins og kunnugt er. Stjórn Snæfellingshallarinnar er að vinna að stækkun hússins, hönnun og tilboðsgerð hefur verið í gangi. Fulltrúi Snæfellings í stjórninni er Kristján Oddsson. Hefur húsið þegar sannað gildi sitt, en það hefur verið opið fyrir félagsmenn sem hafa getað keypt að því aðgang, auk þess sem það hefur verið notað fyrir kennslu og viðburði eins og áður sagði. Þrátt fyrir að vera ekki stærra en raun ber vitni, er ljóst að tilkoma þess er lyftistöng fyrir starfið á svæðinu.

Félagar í árslok voru 203 og er starfið almennt á uppleið í félaginu. Reiðhöllin hefur gefið aukin tækifæri á kennslu og samkomum hestamanna, sérstaklega fyrir börnin. Þó er ljóst að það er ærið verkefni fyrir félagsmenn að útbreiða hestamennskuna sem almennings og keppnisíþrótt. Skiptir miklu máli að hestamenn á Snæfellsnesi sameinist á vettvangi félagsins og vinni þar sameiginlega að hagsmunum hestamanna og taki saman höndum um að auka fjölbreytileika í hestamennsku á Nesinu. Hafa verið stigin skref í þá átt að virkja hesteigendafélögin í bæjunum á Nesinu og fá þau til að stuðla að þátttöku hestamanna í starfi Snæfellings. Verður vonandi áframhald á þessu.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Snæfellings,
stjórnin.

UMF. Snæfell

Á aðalfundi 25.mars 2011 voru eftirtalin kjörin í aðalstjórn Snæfells:

Hjörleifur K Hjörleifsson formaður
María Alma Valdimarsdóttir gjalkeri
Birta Antonsdóttir ritari
Elín Guðrún Pálsdóttir meðstjórnandi

Elín hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið og þökkum við henni fyrir samstarfið. Haldnir voru 5 stjórnar- og framkvæmdastjórnarfundir auk nokkurra funda með deildum félagsins.
Tíu deildir störfuðu á vegum félagsins á árinu. Frjálsíþróttadeild, knattspyrnudeild, sunddeild, blakdeild, körfuknattleiksdeild, siglingadeild, íþróttaskóli Snæfells, þríþrautardeild babintondeild og fimleikadeild, sem hefur reyndar ekki verið stofnuð formlega en það verður gert á næsta aðalfundi. Körfuknattleiks og knattspyrnudeildir eru fjárhagslega og rekstrarlega tvískiptar, þ.e í meistaraflokka og yngri flokka.

Á aðalfundi 25.mars s.l var formlega stofnuð þríþrautardeild. Þríþraut nýtur mikilla vinsælda víða um heim og er því kærkomin viðbót við okkar öfluga starf. Einnig kom fram ósk um að stofnuð yrði fimleikadeild, deildin hóf störf á haustdögum og hafa um 30 börn stundað æfingar. Nokkuð ljóst er að kaupa verður og endurnýja búnað sem fimleikar þarfnast svo að deildin geti vaxið og dafnað.
Aðalstjórn hefur fest kaup á skápum í fundar og félagsaðstöðu félagsins og er aðstaðan nú orðin eins og félagið vill hafa hana. Sl. haust lét svo UMF. Snæfell verða að því að kaupa rútu, en það er eitthvað sem lengi hefur verið í umræðunni. Á tímum hækkandi orkuverðs hefur gengið erfiðlega að fá fólk til að keyra í keppnisferðir svo að rútukaupin leysa margan vanda. Rútan var fjármögnuð með styrkjum frá fyrirtækjum og félagasamtökum, en einnig kom fjármagn frá deildum félagsins, restin var fjármögnuð með láni frá Arion banka sem greitt verður með flöskusöfnun.
Að lokum vill aðalstjórn þakka þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá þeir sem eru tilbúnir að vinna mikið og fórnfúst starf til að félagið geti vaxið og dafnað.

F/h aðalstjórnar Snæfells
Hjörleifur K Hjörleifsson



Blak
Starf blakdeildar Snæfells var gott á árinu 2011. Liðið spilaði í fjórðu deild íslandsmótsins og er stefnan sett á að komast upp úr þeirri deild á árinu 2012.
Helgina 18. - 19. október var haldið fyrsta mót vetrarins 2011-2012 í þriðju og fjórðu deild Íslandsmótsins í íþróttamiðstöð Stykkishólms. Mótið tókst vel og var spilað allann laugardaginn og fram á seinnipart sunnudags. Í kringum það mót komu um 200 konur og menn í Stykkishólm og er frábært að geta haldið slík mót í bæjarfélaginu okkar. Snæfell kom vel útúr fyrstu umferð og vann fjóra af fimm leikjum sínum og erum við bjartsýnar með framhaldið.
Eldri hluti liðsins fór einnig á öldungamót í Vestmannaeyjum í maí 2011 og þar fór liðið hamförum og vann alla sína leiki í sjöundu deildinni og vann sig upp um deild. Mikil gleði fylgdi þessum árangri eins og ætla má. Blakdeildin hélt happdrætti á haustmánuðum til að tryggja fjárhagslegan

rekstur þess og gekk það framar vonum. Þjálfari liðsins er sem áður Haukur Garðarsson og er stjórn óbreytt frá vetrinum áður. Iðkendur eru í vetur um 14 og eru að byrja hjá okkur nokkrir nýliðar sem er frábært mál.

Fyrir hönd stjórnar,
Berglind L. Þorbergsdóttir

Frjálsar íþróttir

Í vetur hafa 51 krakki æft frjálsar hjá frjálsíþróttadeild snæfells. Ekki var mikil aðsókn á æfingar í sumar og feldum við niður æfingar hjá yngri hópnum en aðalmótið í sumar var landsmót UMFÍ og eignuðumst við þar landsmótsmeistara í kúluvarpi. Það hafa ekki verið mikið um mót í vetur en nokkrir iðkendur fóru á Stórmót ÍR í janúar bæði í yngri hópnum og eldri og stóðu þau sig mjög vel. Í byrjun mars fóru 4 krakkar ásamt þjálfara frá snæfell í æfingabúiðir í Varmalandi ásamt umfg og umfb og höfðu krakkarnir mjög gaman af. Mikið samtarf er að fæðast á milli umfg og umfb og hefur verið ákveiðið að í sumar verði haldið vesturlandsmót í frjálsum og stefnan tekin í júní/júlí. Frjálsíþróttadeild Snæfell fer stækkandi með hverju árinu og vonandi heldur það áfram.

Fyrir hönd Frjálsíþróttadeildar Snæfells
Elín Ragna Þórðardóttir
Þjálfari

Knattspyrna yngri flokkar

Stjórn foreldrafélagsins árið 2012 skipuðu:
Unnar Valby Gunnarsson formaður og fulltrúi Snæfells í fótboltasamstarfinu
Steindór Hjaltalín gjaldkeri og fulltrúi Snæfells í fótboltasamstarfinu
Hrefna Frímannsdóttir
Páll Margeir Sveinsson

Páll tók við af Andra Frey Hafsteinssyni og þjálfaði alla flokka hjá Snæfelli árið 2011.
Hann fór á þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ í sumar í þjálfun barna og KSÍ í janúar og tók 4.stig.
Palli er einnig starfsmaður fótboltavallarins. Varðandi mannabreytingar í foreldrafélaginu og þjálfaramálum þá hættu, Monika Axelsdóttir sem formaður og Andri sem þjálfari og þökkum við þeim vel unnin störf. Í stað þeirra komu Unnar, Páll og var Margrét Björvinsdóttir með okkur um tíma.
Árið 2012 hélt samstarf Umf. Snæfells, Umf. Grundarfjarðar og Umf. Víkings/ Reynis og Skallagríms í eldri flokkum áfram. Það samstarf hefur gengið vel og krakkarnir náð góðum árangri. Markmiðið er enn sem fyrr að þróa samstarfið enn frekar og bæta fótboltann á Snæfellsnesi. Við urðum Íslandsmeistarar í 3.fl (sjö manna bolta) og hlutum við styrk úr afrekssjóði Stykkishólmsbæjar. Glæsilegt hjá þessum ungu drengjum.
Að venju fór 4.flokkur, kvenna að þessu sinni, á Gothia Cup leikana í Gautaborg í Svíþjóð. Elín Guðrún Pálsdóttir var fulltrúi Snæfells í fjáröflunarnefndinni og er Guðný Vilborg Gísladóttir tekin við og fer 4.flokkur karla í sumar.
Foreldrafélagið sá um að krakkarnir gengu í hús og seldu kerti fyrir páskana og jólin, sem fjáröflun fyrir knattspyrnudeild Snæfells.
Það starf sem foreldrafélagið hefur með höndum og reynir hvað mest á er hlutverk dómarastjóra. Hann/Hún hefur það hlutverk að sjá um að finna dómara og línuverði fyrir heimaleiki og hefur Hrefna sinnt því hlutverki og á hún heiður skilið. Steinar Björnsson og Páll Bárðarson hafa verið okkar helstu dómarar og staðið sig með prýði.
Foreldrafélag knattspyrnunnar ákvað með öðrum deildum Snæfells að festa kaup á 16 manna rútu og horfum við fram á bjarta framtíð í ferðamálum á leiki og samæfingar.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélagsins
Unnar Valby Gunnarsson.

Körfuknattleikur – mfl.

Karlalið

Liðið kom töluvert breytt til leiks en í það vantaði fyrirliðann Hlynur Bæringsson, Sigurður Þorvaldsson, Jeb Ivey og Martins Berkis. Liðið fékk til liðs við sig þá Atla Rafn Hreinsson, Ryan Amoroso . Árangur liðsins var framar vonum, en strákarnir urðu meistarar meistaranna, Lengjubikarmeistarar og Deildarmeistarar og þar með hafði Þjálfarinn Ingi Þór sigrað alla þá fimm bikara sem hægt er að sigra í íslenska boltanum á tveimur tímabilum. Jón Ólafur Jónsson stóð sig frábærlega og var valinn í úrvalslið mótsins á lokahófi KKÍ. Sean Burton, Ryan Amoroso, Pálmi Freyr Sigurgeirsson og Sveinn Arnar Davíðsson voru að leika vel. Liðið sigraði Hauka í fyrstu umferð úrslitakeppninnar 2-1 en meiðsli tveggja erlendra leikmanna liðsins töldu drjúgt í undanúrslitum gegn Stjörnunnar sem slógu Íslandsmeistara síðasta árs út 0-3.

Kvennalið

Stelpurnar komust í úrslitakeppnina tímabilið 2009-2010 og var stefnan að gera slíkt hið sama og stefna á sigur í þeirri keppni. Gunnhildur Gunnarsdóttir gekk til liðs við Hauka sem og Unnur Lára Ásgeirsdóttir. Um áramót gekk Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir til liðs við KR en Alda Leif Jónsdóttir kom inní liðið. Liðið hóf leiktíðina með bandarískan leikmann en sú stúlka stóð ekki undir væntingum og kom Moinque Martin til liðs við Snæfell. Hún lék frábærlega og kom Laura Audere einnig um áramót og liðið að spila ágætlega. Liðið komst í úrslitakeppnina en féll út gegn KR í fyrstu umferð. Þjálfari Ingi Þór Steinþórsson og aðstoðarþjálfari Baldur Þorleifsson.

Yngriflokkar

Mikil gróska var í yngriflokkastarfi Snæfells, en morgunæfingar og gott utanum hald unglingaráðs hefur gefið ungum og efnilegum iðkendum tækifæri sem eiga eftir að telja í framtíðinni. Í yngriflokkunum eru margir efnilegir leikmenn sem vert verður að fylgjast með. Þjálfarar yngriflokka félagsins eru eftirfarandi:
Unglingaflokkur karla og kvenna: Ingi Þór Steinþórsson
Drengjaflokkur, 9. Flokkur stúlkna og byrjendaflokkur drengja: Sveinn Arnar Davíðsson
7. og 10. flokkur drengja: Sean Burton
8. flokkur drengja: Pálmi Freyr Sigurgeirsson
Minnibolti drengja og morgunæfingar: Emil Þór Jóhannsson

Minnibolti og byrjendaflokkur stúlkna: Rósa Indriðadóttir

Stjórn deildarinnar
Gunnar Svanlaugsson formaður , Hermundur Pálsson varaformaður, Davíð Sveinsson gjaldkeri, Egill Egilsson, Páll Þorbergsson, Símon Hjaltalín og Þorbergur Bæringsson. Metnaðarfullu starfi er stýrt af þessari stjórn sem nýtur góðs af frábæru stuðningsfólki í kringum ungmennafélagið. Stjórninni er stýrt af festu og hver og einn stjórnarmaður veit sitt hlutverk.

Unglingaráð
Guðný Pálsdóttir, Davíð Sveinsson, Ingi Þór Steinþórsson yfirþjálfari, Helga Guðmundsdóttir, Birna Sævarsdóttir

Magnað fólk sem hefur hag unga fólksins í fararbroddi.

Fh. Meistaraflokks
Gunnar Svanlaugsson

Körfuknattleikur – yngri flokkar
Stjórn foreldraráðs yngri flokka körfuknattleiksdeildar Snæfells skipa: Davíð Sveinsson, Guðný Pálsdóttir og Magnús Ingi Bæringsson. Helga Guðmundsdóttir, Birna Sævarsdóttir og Egill Egilsson hættu í stjórn s.l. haust og þökkum við þeim gott og óeigingjartnt starf fyrir körfuboltan. Margir foreldrar koma að starfinu meðal annars með því að hafa umsjón með flokkum og keppnishelgum. Yfirþjálfari er Ingi Þór Steinþórsson.

Í byrjun árs voru neðantaldir flokkar með æfingar.

1.– 3. bekkur stúlkna	Þjálfari: Erna Rut Kristjánsdóttir og Rósa Kristín
1.– 3. bekkur drengja	Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson
Minnibolti stúlkna	Þjálfari: Rósa Kristín Indriðadóttir
Minnibolti drengja	Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson
9. flokkur stúlkna	Þjálfari: Rósa Kristín og Sveinn Arnar
7.flokkur pilta	Þjálfari: Sean Burton
8. flokkur pilta	Þjálfari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson
11. flokkur pilta	Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson
Unglingaflokkur stúlkna	Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson
Drengjaflokkur	Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson
Unglingaflokkur pilta	Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson

Emil Þór sá um morgunæfingar þrisvar í viku.

Í haust voru neðantaldir flokkar með æfingar

1.– 4. bekkur stúlkna	Þjálfari: Björg Guðrún Einarsd.
1.– 3. bekkur drengja	Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson
7. Flokkur stúlkna	Þjálfari: Hildur Sigurðardóttir
4.-5. bekkur drengja	Þjálfari: Ólafur Torfason
Minnibolti drengja	Þjálfari: Gunnlaugur Smárason
10. flokkur stúlkna	Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson
8. flokkur pilta	Þjálfari: Gunnlaugur Smárason
10. flokkur pilta	Þjálfari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson
Unglingaflokkur stúlkna	Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson
Drengjaflokkur	Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson
Unglingaflokkur pilta	Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson

Ólafur Torfason sá um morgunæfingar þrisvar í viku.

Unglingaflokkur pilta tók þátt í Íslandsmóti ásamt Skallagrím og hafa þeir staðið sig mjög vel og urðu bikarmeistarar og spiluðu síðan til úrslita í íslandsmóti.
1.-3. bekkur drengja og 1.-4. bekkur stúlkna taka ekki þátt í Íslandsmóti en fara á fjögur fyrirtækjamót yfir veturinn. Aðrir flokkar taka þátt í Íslandsmótinu í vetur og hafa staðið sig með prýði, Minni bolti drengja byrjaði í E riðli og vann þann riðil í síðasta mótinu fyrir áramót. 7.flokkur kvenna spilaði sín tvö mót í haust í C riðli, 8.flokkur karla spilaði sín tvö mót í haust í B riðli, 10. flokkur kvenna byrjaði í C riðli í haust og voru þar um áramótin en 10. flokkur karla byrjaði í D riðli en vann sig upp og voru komnir í C riðil um áramót, árangur má sjá á heimasíðu Snæfells þar sem hægt er að fylgjast með öllu sem er að gerast yfir veturinn. Þjálfarar og foreldrar hafa einstaka sinnum skrifað um keppnisferðir í vetur, mættu gera meira af því, og er spennandi að fylgjast með þeim skrifum. Í bikarkeppni hafa tekið þátt 11. fl. pilta, stúlknaflokkur og sigruðu þær í bikarkeppninni og lentu í örður sæti í íslandsmóti, drengjaflokkur Einnig sendi Snæfell lið til keppni í bikarkeppnina 9. flokk karla og kvenna. 10, 11, flokk drengja og unglingaflokk karla og unglingaflokk kvenna.
Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Egilsstöðum um síðustu verslunarmannahelgi. Undir merkjum HSH voru mjög fáir keppendur þetta árið og aðeins 10 keppendur í körfubolta sem kepptu í blönduðum liðum en frammistaða okkar fólks var með afbrigðum góð. Úrslit voru þau að strákarnir 13–14 ára, þar voru 3 strákar frá okkur, urðu í 2. Sæti stelpur 15-16 ára 4 stelpur frá okkur sem kepptu með UMSS og urðu þær unglingalandsmótsmeistarar. Piltar 17 – 18 ára urðu einnig unglingalandsmótsmeistarar, þar spiluðu 2 frá HSH, 2 drengir frá UMSB ásamt því að fá lánaða yngri drengi frá HSH. Yfir heildina litið þá var framkoma og frammistaða krakkana í HSH til sóma.
Á heimasíðu Snæfells má sjá upplýsingar fyrir aðkomulið vegna móta í Stykkishólmi um þjónustu og afþreyingu. Aukin heldur má þar finna upplýsingar um símanúmer þjónustuaðila og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.
Ingi Þór Steinþórsson er yfirþjálfari yngriflokka Snæfells og þakkar deildin honum þá ómetanlegu vinnu sem hann hefur lagt af mörkum.
Síðastliðið ár stunduðu um 100 krakkar körfubolta á vegum yngriflokka Snæfells. Síðastliðið haust stóð deildin fyrir kaupum á hettupeysum og bolum fyrir unga sem aldna og var gríðarlega góð sala og á nýju ári var aftur hafin móttaka pantana.
Fjáraflanir hafa gengið vel en þær helstu eru páska- og jólabingó sem hafa verið mjög vinsæl og má geta þess að uppselt var á síðasta jólabingói. Fjárhagsstaða deildarinnar er góð.
Að lokum vill foreldraráðið þakka þeim sem komu að starfinu gott og óeigingjarnt starf.

Fyrir hönd stjórnar foreldraráðs,
Davíð Sveinsson, Guðný Pálsdóttir

Siglingadeild
Siglingadeildin var með kennslu á seglbátum eins og undanfarin ár fyrir börn 9 ára og eldri. Deidlinni voru gefnir 4 kajakar af útgerðum hér í bænum og var einnig kennt á þá. Útgerðirnar eru: Sæfell, Tindur, Útgerð Arnars

og Þórsnes. Þátttaka var mjög góð og var greitt fyrir 24 börn, en það voru fleiri börn sem sóttu námskeiðin en illa gekk að fá námskeiðsgjöldin greidd.
Eyþór Óskarsson og Kristófer Sævarsson sáu um kennslu og þeim til aðstoðar voru þau Unnur Lára Ásgeirsdóttir, Gísli Kristjánsson og Tryggvi Gunnarsson, en Tryggvi útvegaði fylgdarbát sem er mikill stuðningur við deildina. Laun til Tryggva greiddi deildin en önnur laun voru greidd af Stykkishólmsbæ og metum við mikils þann stuðning og þá góðu samvinnu.

Fh. siglingadeildar
Guðbrandur Björgvinsson

Sund

Starfsemi deildarinnar árið 2011 var með svipuðum hætti og undanfarin ár, ekki mikið um mót en æfingar stundaðar af kappi. Fjöldinn er svipaður eða ca 15 börn og unglingar. Þjálfari deildarinnar er María Valdimarsdóttir. Æft var allt árið (að undanskildu sumarfríi í júlí og ágúst) og eru æfingar einu sinni í viku.
Enginn keppandi fór að þessu sinni á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Egilsstöðum og vona ég að einhverjir verði með á Selfossi 2012.
Á árinu 2012 er stefnan sett á frekari samvinnu við sunddeild Víkings/Reynis og þegar þetta er skrifað erum við að fara í heimsókn til þeirra 10. febrúar, ætlum að synda saman, borða pizzur og fara í leiki.

Fh. sunddeildar
María Valdimarsdóttir

3SNÆ - Þríþrautadeild

Þríþrautadeild Umf.Snæfells (3SNÆ) var stofnuð á aðalfundi félagsins 27. apríl 2011 af alls tíu stofnfélögum og er því rétt að slíta barnsskónum. Starfsemin á þessu fyrsta starfsári snerist því helst um það að félagar einbeittu sér að því að fóta sig á nýjum vettvangi og takast á við nýjar áskoranir. Frá og með byrjun júní æfðu félagar skv. æfingaáætlun sem miðaði að því að gera alla tilbúna fyrir þríþrautarkeppni í Barcelona í október sl. Flestir æfðu því sex daga vikunnar undir eigin stjórn með liðsinni liðsstjóra og aðstoðarliðsstjóra auk þess sem leitað var til reyndari aðila þegar á þurfti að halda með ýmsar vangaveltur.
Átta félagar héldu svo til Barcelona til keppni eins og áður segir, þar sem fimm tóku þátt í Ólympískri vegalengd, einn í hálfri Ólympískri og tveir í sprettþraut. Allir luku keppni í sinni vegalengd þrátt fyrir erfiðar aðstæður í sundlegg, allir náðu sínum markmiðum og vel það og komu sáttir heim.
Í árslok gerði deildin gangskör í því að kynna sig og starfsemina í þeim tilgangi að fjölga félögum enn frekar og efla starfsemina. Dreifimiði var sendur í öll hús í bænum og honum svo fylgt eftir með greinarskrifum í Stykkishólmspóstinn. Þetta hefur þegar borið árangur því þegar eru komnir fimm nýir félagar í deildina og telur hún því fjórtán félaga sem má væntanlega teljast ágætt hjá ekki eldri deild í ekki stærra bæjarfélagi.
Æfingar hófust af fullum krafti nú í janúar og er áfram æft eftir æfingaáætlun með æfingum sex daga vikunnar. Deildin hefur ráðið Maríu Valdimarsdóttur sem sundþjálfara og fara æfingar vel af stað. Félagar hafa sumir hverjir sett stefnuna á næstu stóru keppni í Köln, en væntanlega taka einhverjir þátt í keppnum hér heima á undirbúningstímabilinu. Þá hefur deildin einnig á stefnuskrá sinni að halda þríþrautarkeppni hér í Hólminum 1. júlí nk. og verður það vonandi skemmtileg viðbót í íþrótta – og ferðamannaflóruna í bænum.
Deildin hafði engan fjárhag á síðasta ári en mun innheimta æfingagjöld frá 1. janúar 2012 til að standa straum af kostnaði við þjálfun og þess háttar.

F.h. 3SNÆ
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir,
formaður

Ungmennafélag Grundarfjarðar

Árið 2011 var mjög gott hjá UMFG. Aðalfundur var haldinn á Kaffi 59 í byrjun mars, ágætis mæting var á fundinn. Það urðu örlitlar breytingar á stjórninni því að Unnur Guðbjartsdóttir lét af störfum sem gjaldkeri og Jófríður Friðgeirsdóttir hætti sem meðstjórnandi. Inn komu Sólberg Ásgeirsson sem gjaldkeri og Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir sem meðstjórnandi. Stjórnin er því þannig skipuð:
Tómas Freyr Kristjánsson Formaður
Sólberg Ásgeirsson Gjaldkeri
Lára Magnúsdóttir Ritari
Halldóra Dögg Hjörleifsdóttir
Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir

Fjáraflanir á árinu gengu ágætlega. Við fengum styrk frá Menntamálaráðuneyti til að efla fimleika að upphæð 300.000 kr. Svo héldum við einnig páskabingó eins og vanalega. Skilti voru sett upp á íþróttavellinum bæði fyrir UMFG og svo fékk Meistaraflokkur karla í knattspyrnu að setja upp nokkur skilti fyrir sína starfsemi.
Svo er það helgin „á Góðri stund í Grundarfirði“. Við fengum að setja upp sjoppu í hafnarskúrnum alla helgina, Salan yfir helgina olli svolitlum vonbrigðum en dræm aðsókn var á hátíðinu sökum slæmrar veðurspár. Einnig er okkur boðið að vera með dyragæslu og bar á balli á föstudagskvöld. Þökkum öllum þeim sem hjálpuðu við þessa helgi. Gámar við Kaffi 59 og Hótel framnes eru enn inn í fjáröflunum hjá ráðum innan UMFG. Er búið að setja upp plan sem þau fara eftir og losa. Þökkum við þessum veitingastöðum fyrir þeirra framlag.
Einnig fáum við veglegan styrk frá Grundarfjarðarbæ í formi fjárstyrks og tíma í íþróttahúsi.
Svo hafa mjörg fyrirtæki styrkt íþróttalíf hér í Grundarfirði sem beinum styrkjum til ráða innan UMFG, vilum við þakka þeim fyrir þann stuðning. Við höfum reynt að styrkja okkar fólk, eins og þjálfara á námsekið. Við reynum að styðja við bakið á þeim sem komast í landslið og fl.

UMFG hefur veitt styrki til barna sem hafa verið valin í landslið í sinni íþróttagrein og voru það 3 drengir sem fóru frá okkur á síðasta ári. Einnig styrktum við 4 flokks drengi sem fóru til Svíþjóðar til að taka þátt í Gothia Cup. Einnig styrktum við Rúnar Geirmundsson til keppni á Evrópumeistaramóti í kraftlyftingum sem hann sigraði.
UMFG hefur líka greitt fyrir þjálfaramenntun knattspyrnuþjálfara sem þjálfa fyrir félagið.
Ákveðið var að hækka ekki iðkendagjöldin hjá UMFG þetta árið. Ungmennafélagið stendur mjög vel og við höfum ekki hækkað gjöldin í sex ár sem telst nokkuð gott.

Þjálfaramál gengu nokkuð vel fyrir sig 2011. Nýr blakþjálfari tók við af Pétri Vilbergi Georgssyni en það var hann Sebastien Bougatre sem tekur við öllu blaki. Eitthvað er um að flokkar í fótbolta séu sameinaðir vegna fækkun á börnum sem æfa. Fella þurfti niður 2 fl. Karla þar sem ekki var næg þátttaka. Ráðinn var nýr knattspyrnuþjálfari í september en hann heitir Björn Sólmar Valgeirsson og kemur frá Skallagrím. Hann sér um alla knattspyrnu fyrir utan stubbaboltann en Heimir Þór Ásgeirsson þjálfar yngstu börnin. Kristín Halla sér um allar frjálsar og sund eins og undan farin ár. Björg Ágústdóttir kom inn í frjálsíþróttaráð og léttir þar undir með Kristínu Höllu. Íþróttaskóli er enn á sínum stað. UMFG bætti inn nýrri grein og voru það fimleikar í umsjón Sylvíu Björgvinsdóttur og hefur það reynst afskaplega vel og hefur fjöldi iðkenda mætt í fimleikana. Karate hélt áfram undir stjórn Dagnýar en um haustið þurfti hún að fara í barneignarleyfi og því er smá hlé á því. Stefnt er að því að byrja aftur á karate fljótlega.
UMFG sendi meistaraflokk í knattspyrnu karla til keppni síðasta sumar og var það annað árið sem það var gert. Strákarnir munu halda áfram næsta sumar.

Mótamál voru hefbundin og undanfarin ár. Í blaki var farið á 2 Íslandsmót og gekk það bara vel. Í frjálsum var farið á meistaramót og landsmót áttum við nokkra fulltrúa sem stóðu sig með prýði. Knattspyrnumótin voru á vegum Snæfellsnessamstarfsins og Meistaraflokkur Karla UMFG tók þátt í Íslandsmóti KSÍ eins og áður kom fram. Í sundi var lítið farið á mót.

Stjórn UMFG

Blak

Mikið hefur verðið um að vera í blakinu hjá Ungmennafélagi Grundarfjarðar á síðasta ári.
Farið var á seinni hluta Íslandsmóts í krakkablaki í apríl og náði 5 fl. að verða Íslandsmeistarar undir stjórn Péturs V. Georgssonar.





Meistaraflokkur kvenna náði þeim árangri að vinna 3. deild Íslandsmóts BLÍ svo að nú í vetur er keppt í 2 deild sem er bæði krefjandi og skemmtilegt verkefni. Spilað er bæði að heiman og heima og hefur myndast góð og mikil stemming á áhorfendapöllum með trommuslætti og fjöri. Meistaraflokkur kvenna B vann 9. deild á Öldungamóti BLÍ og A-liðið varð í 2. sæti í 4. deild svo að bæði lið færast upp um eina deild að ári. Meistaraflokkur kvenna varð einnig Héraðsmeistari á árinu. Þjálfarar voru Anna María Reynisdóttir og Guðrún Jóna Jósepsdóttir.
Meistaraflokkur karla spilaði í 2. deild á Íslandsmóti BLÍ og tók Elvar Þór Alfreðsson að sér þjálfunina. Þeir halda áfram í 2. deild Íslandsmóts. Þeir spila einnig í 3. deild á Öldungamóti BLÍ.
Haustið 2011 var ráðinn nýr þjálfari frá Belgíu að nafni Sebastien Bougeatre sem var þjálfari í Frakklandi og þjálfar hann alla flokka í krakkablaki og bæði kvenna- og karladeildir. Sebastien kemur með mikinn kraft og áhuga inn í þjálfun og hefur hann náð að fjölga iðkendum í Grundarfirði.
Farið var á SV-mót í Mosfellsbæ með krakkana og gekk það ágætlega. Ekki var farið á yngri flokka Íslandsmót sem haldið var á Neskaupsstað en eldri hópurinn, 3.-2. fl. fóru á fyrri hluta Íslandsmóts í nóvember sem haldið var í Mosfellsbæ en vegna forfalla voru krakkarnir þjálfaralausir. 3. flokkur kvenna lenti í 3. sæti og er stefnan tekin á seinni hluta Íslandsmóts í Kópavogi fyrir alla flokka.
Sebastien hefur sett upp mót á Snæfellsnesi fyrir meistaraflokk kvenna B og 3 fl. kvenna en þar eru einnig tvö lið frá Stykkishólmi og tvö lið frá Ólafsvík. Þær spila heima og að heiman.
Uppskeruhátíðin UMFG var haldin um haustið en þá voru veitt verðlaun í öllum flokkum, og einnig fyrir bestu mætingu, efnilegasti leikmaður og leikmaður ársins. Anna María Reynisdóttir var valin íþróttamaður ársins af blakráði.
Viljum við svo þakka öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem styrktu blakið á síðasta ári.
Með þökk fyrir skemmtilegt ár

Blakráð UMFG

Fimleikar

Fimleikarnir hafa verið frábærir. Það hefur verið mikill áhugi alveg frá byrjun. Krakkar á aldrinum 5 ára til 16 ára hafa verið dugleg að mæta. Yfirleitt á æfingum eru krakkarnir í kringum 20 talsins í hverjum hóp. Þetta hefur gengið mjög vel og ég hef séð mikinn árangur hjá fullt af

krökkum.
Það er auðvitað stundum erfitt þegar ekki eru til þau áhöld sem þarf til að kenna þær æfingar sem eiga við en það hefur gengið vel miðað við það. Það stendur til bóta.
Krakkarnir eru duglegir og skemmtilegt að vinna með þeim.

Knattspurnuráð

Við fórum í það að prenta dagatal eins og síðustu ár. Útburður gekk ekki sem skildi, það gerðist bæði seint og illa. Við ákváðum því að rukka ekkert fyrir dagatalið 2011.
Í sumar fórum við í það að kaupa peysur fyrir iðkendur. Jakó gaf okkur fínt tilboð í góðar peysur sem hafa nýst krökkunum mjög vel. Við borguðum rúmlega helming í hverri peysu og voru viðtökurnar mjög góðar.
Einnig styrktum við Grundfirðinga á farandsfæti í sumar til Gautaborgar um 10.000 fyrir hvern iðkenda.
Nýr knattspyrnuþjálfari hóf störf hér í haust og er það hann Björn Sólmar Valgeirsson sem kom til okkar frá Skallagrím.

Kv Knattspyrnuráð.

Meistaraflokkur Grundarfjarðar

Meistaraflokkur Grundarfjarðar stefndi á áframhaldandi þátttöku í Íslandsmóti KSÍ sumarið 2011 þrátt fyrir litla uppskeru sumarið á undan. Reynslunni ríkari náðum við betri tökum á þessu. Vel gekk að sækja styrki til reksturs liðsins. Grundarfjörður og Víkingur Ólafsvík tóku upp samstarf sem varð báðum liðum til góða. Víkingur Ól sendi ekki 2. Flokk til keppni sumarið 2011 en í staðinn fengu yngri leikmenn Víkings að fara á láni yfir í Grundarfjörð og fá dýrmæta leikreynslu þar. Þetta kom Grundarfirði einnig til góða að fá sterka og spræka stráka til blands við hópinn sem fyrir var.
Uppskera sumarsins var líka eftir því. Við byrjuðum í deildarbikarnum þar sem að enn var svolítill vorbragur á mönnum. 5-2 tap gegn Augnablik í fyrsta leik. Svo 5-0 tap gegn Álftanes. Svo kom 5-1 sigur gegn Skallagrím og svo 4-3 tap fyrir Kára frá Akranesi.
Næsta verkefni liðsins var Visa bikarinn og það verður að segjast að vorbragurinn hélt áfram í þeim leik. Þar töpuðum við 5-2 gegn utandeildarliði Elliða.
Nýr þjálfari var ráðinn en Hermann Geir Þórsson tók við sem spilandi þjálfari liðsins. Íslandsmótið hófst svo 21.maí þar sem við þurftum að fara í Fossvoginn og etja kappi við geysisterkt lið Berserkja. Berserkjum var spáð góðu gengi um sumarið. Grundarfjarðarliðið spilaði þétta vörn og allt annar bragur á liðinu. Leikurinn fór 0-2 Grundarfirði í vil og var talað um óvæntustu úrslit umferðarinnar. Þetta gaf





tóninn fyrir það sem koma skyldi um sumarið. Næsti leikur var gegn Birninum á Grundarfjarðarvelli og vannst hann einnig 2-0. Frábær byrjun og strax komnir með fleiri stig heldur en allt sumarið á undan. Þriðji leikurinn var einnig sigur og nú gegn Ísbirninum 1-3 á útivelli. Eftir þann leik þurfti Hermann Geir að láta af störfum og Ragnar Smári og Tryggvi tóku tímabundið við. Á eftir fylgdu einn sigurleikur, eitt jafntefli og fyrsta og eina tap sumarsins í riðlinum gegn Álftanesi.
Þá var ráðinn nýr spilandi þjálfari en Ragnar Mar Sigrúnarson tók við stjórnartaumunum. Eftir það leit Grundarfjörður ekki til baka og sigruðu alla leikina sem eftir voru fyrir utan að við gerðum jafntefli við Kára menn á Akranesi. Við lentum í 1.sæti í riðlinum með 35 stig sem er mesti stigafjöldi í þriðju deildinni þetta sumarið. Við fengum aðeins 12 mörk á okkur allt sumarið sem er næst minnst af öllum liðum í deildinni. Við skoruðum 37 mörk.
Í úrslitakeppninni lentum við á móti Magna frá Grenivík. Við töpuðum fyrri leiknum á Grenivík með 1 marki gegn engu eftir að hafa verið manni færri allan síðari hálfleikinn. Magna menn skoruðu sigurmarkið á 93 mínútu. Í seinni leiknum hér heima gerðum við 1-1 jafntefli við Magna og því var það lokaleikur okkar þetta sumar.
Á lokahófi Grundarfjarðar var Aron Baldursson valinn leikmaður ársins en hann spilaði allar mínútur liðsins um sumarið og stóð sig gríðarlega vel. Heimir Þór Ásgeirsson var markahæstur og Ingólfur Örn Kristjánsson var valinn efnilegastur.
Frábær árangur yfir sumarið og besti árangur í sögu Grundarfjarðar.

Tómas Freyr Kristjánsson
og Jón Frímann Eiríksson

Frjálsíþróttaráð UMFG

Hér kemur pistill um starfið á vegum frjálsíþróttaráðs UMFG á árinu 2011.

Starfsemin

Í frjálsum leggjum við stund á flestar greinar sem almennt flokkast undir frjálsar íþróttir; stökk-, hlaup- og kastgreinar. Markmiðið er að efla hreyfigetu, þrek, þol, liðleika auk þess að kenna aðferðir og tækni í mismunandi íþróttagreinum. Unnið er í anda stefnu ÍSÍ sem leggur áherslu á að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi, bæði líkamlega, sálrænt og félagslega. Síðasti þátturinn er ekki síst mikilvægur og

því er mikil áhersla lögð á leik og æfingar þar sem reynir á samvinnu, hópstarf ásamt því að einstaklingurinn geti unnið sjálfstætt. Það er líka hluti af starfinu að fræða krakkana, t.d. um heilbrigt líferni, hollt mataræði og auka sjálfstraust hvers einstaklings. Umfram allt, þá reynum við að hafa GAMAN af því sem við gerum!

Iðkendur

Á síðustu árum hefur börnum á grunnskólaaldri fækkað töluvert í Grundarfirði. Á þessum vetri eru um 104 börn í Grunnskóla Grundafjarðar. Fækkunin segir líka til sín í íþróttum hjá UMFG. Á haustönn 2011 voru skráðir um 26 iðkendur í frjálsum úr hópi barna í 1.-4. bekk, um 14 krakkar úr 5. til 7. bekk, og um 7 krakkar úr elsta hópnum, 8. - 10. bekk, samtals 47 krakkar. Eins og sést þá þynnist hópurinn talsvert þegar krakkarnir eldast. Það geta verið ýmsar skýringar á því sem ekki verður farið út í hér, en hins vegar er eitt af markmiðum okkar að halda lengur í eldri krakkana.

Aðstaðan

Á sumrin erum við með útiæfingar á íþróttavellinum en á veturna er æft í íþróttahúsinu. Aðstaðan býður þó ekki upp á að allar greinar séu æfðar allt árið um kring og einstaka greinar hafa alveg mætt afgangi hjá okkur, eins og t.d. grindahlaup og stangarstökk. Þegar við hugsum um það hvað góð aðstaða getur haft mikið að segja, þá er ótal margt sem okkur dreymir um. Sumt er raunhæft að stefna að, annað ekki. Æskilegt væri að gera stökkgryfju og kastaðstöðu á íþróttavellinum ögn til góða. Þetta kostar jú eitthvað, en mætti e.t.v. gerast í áföngum á næstu árum, þannig að við gætum fyrir rest verið búin að koma okkur upp prýðilegri kast- og stökkaðstöðu. Minniháttar tækjakaup og viðhald aðstöðunnar eru svo atriði sem ekki þurfa að kosta mikið, en geta skipt miklu máli. Það þarf t.d. að vanda umhirðu á vellinum og gæta þess að gróður vaxi ekki í malarbornum hlaupabrautum. Kaup á ýmsum smááhöldum myndu verða mikil lyftistöng fyrir starfið, eins og t.d. spjótskutlur til að æfa spjótkast innanhúss. Nauðsynlegt er líka að hafa góða aðstöðu til að geyma áhöldin í til að þau endist sem best. En í það heila, þá má ekki gleyma því að við eigum ágætis aðstöðu, þó alltaf megi bæta um betur. Við getum gert heilmikið bara með því að ganga vel um og passa upp á hlutina, og gildir þetta um allar íþróttagreinar sem nýta aðstöðuna á vellinum. Gleymum því heldur ekki, að margir af bestu íþróttamönnum þjóðarinnar æfðu á sínum yngri árum við aðstöðu sem verður alls ekki jafnað til þess sem nú gerist. Jákvætt hugarfar og vilji til að gera vel skiptir mestu máli.



Sandra Ósk og Ólöf Erla, Borgarnesi, 3. sept. 2011.

Þjálfari

Sem fyrr, var Kristín Halla Haraldsdóttir þjálfari í frjálsum íþróttum, en hún hefur nú séð um starfsemina í um 13 ár. Í dag er hún með grunnskólakennararéttindi ásamt því að vera í meistaranámi í uppeldis- og menntunarfræðum. Af hálfu Frjálsíþróttasambandsins hafa engin námskeið verið í boði undanfarið fyrir þá þjálfara sem eru lengra komnir þannig að erfitt hefur verið að sækja aukna þekkingu, nema fylgjast vel með á mótum og þeim atburðum sem eru í sjónvarpinu og inni á veraldarvefnum.



Gísli Már, Dominik og Gunnar Ingi, Borgarnesi, 3. sept. 2011.

Mót 2011

Á árinu 2011 fóru keppendur frá okkur á a.m.k. sex mót í frjálsum íþróttum. Þau stóðu sig öll virkilega vel og margir bættu árangur sinn verulega á milli móta. Mörg hinna yngri voru að stíga sín fyrstu skref á mótum og lögð er áhersla á að styðja þau sérstaklega.

Héraðsmót HSH, innanhúss, í Stykkishólmi, 12. mars

Á vegum HSH var efnt til innanhússmóts sem haldið var í íþróttahúsinu í Stykkishólmi. Þátttaka var mjög góð, 48 krakkar úr Snæfelli og 30 krakkar úr UMFG tóku þátt, okkar krakkar voru úr árgöngum 1998 til 2004. Keppt var í 35 m hlaupi, langstökki með og án atrennu, þau eldri kepptu einnig í kúluvarpi og elsti hópurinn að auki í hástökki. Þau yngstu fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna og endað var á hressingu fyrir allan mannskapinn.



Þátttakendur í Skallagrímsgarði eftir mótið 18. ágúst, Bjargey, Margrét Helga, Björg og Atli Ágúst

Vesturlandsmót, utanhúss, Borgarnesi, 6. júlí
Umf. Skallagrímur stóð fyrir Vesturlandsmóti á íþróttavellinum í Borgarnesi þann 6. júlí. Skráðir þátttakendur voru 53 frá fjórum héraðssamböndum á Vesturlandi og frá UMFG fóru 6 krakkar, 11-14 ára. Þau kepptu undir merkjum HSH í 60, 100 og 600 m hlaupi, hástökki, langstökki, kúluvarpi og sá elsti keppti einnig í spjótkasti.

Vesturlandsmót 10 ára og yngri, utanhúss, Borgarnesi 18. ágúst
Umf. Skallagrímur gekkst fyrir móti fyrir yngri krakkana í blíðskaparveðri á íþróttavellinum í Borgarnesi. Þátttakendur voru um 30 talsins, frá 4 héraðssamböndum á Vesturlandi. Frá okkur fóru 4 krakkar á aldrinum 7 til 10 ára. Þau kepptu undir merkjum HSH í 60 og 600 m hlaupi, langstökki og boltakasti. Endað var á grilluðum pylsum í góða veðrinu í Skallagrímsgarði.

Fjölþrautamót Skallagríms fyrir 11 ára og eldri, utanhúss, Borgarnesi 3. september
Enn vorum við á ferðinni á íþróttavellinum í Borgarnesi í fínasta síðsumarveðri fyrsta laugardag í september. Um 69 keppendur voru skráðir á mótið sem var fyrir 11 ára og eldri. Átta keppendur fóru frá okkur, fjögur þeirra voru 11 ára, en þrjú voru 10 ára eða á 10. ári og ein átta ára og kepptu þessi yngri því "upp fyrir sig". Keppnisgreinar voru 60 og 400 m hlaup, langstökk og kúluvarp, en fleiri keppnisgreinar voru í boði fyrir þá sem voru eldri en 11 ára. Mótið var með fjölþrautafyrirkomulagi sem þýðir að gefin eru stig fyrir árangur í hverri keppnisgrein og árangur er metinn í hverjum aldursflokki út frá samanlögðum stigafjölda í öllum greinum viðkomandi.

50 ára afmælismót Umf. Skipaskaga, innanhúss, Akranesi 13. nóvember
Ungmennafélagið Skipaskagi á Akranesi hélt upp á 50 ára afmæli sitt og efndi til frjálsíþróttamóts í Akraneshöllinni. Um 48 keppendur voru skráðir á mótið. Þrír krakkar, 8 og 10 ára, fóru á mótið og kepptu undir merkjum HSH í 60 m hlaupi, langstökki, hástökki og boltakasti.

Silfurleikar ÍR, Laugardalshöllinni, Reykjavík, 19. nóvember
Árlega halda ÍR-ingar svokallaða Silfurleika til að minnast afreks ÍR-ingsins Vilhjálms Einarssonar sem fékk silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu árið 1956. Mótið er fyrir 16 ára og yngri, 11-16 ára keppa í einstaklingsgreinum en 10 ára og yngri keppa í hópum í sérstökum þrautabrautum sem útbúnar eru fyrir þau.
Frá okkur kepptu 8 krakkar á aldrinum 6-8 ára í þrautabrautinni og tvær stúlkur tóku þátt í einstaklingskeppninni. Silfurleikarnir eru sannkallað stórmót, með um 560 keppendur, víðsvegar af landinu. Okkar stelpur kepptu í 60 og 600 m hlaupi, þrístökki, hástökki og kúluvarpi.

Viðurkenningar
Á uppskeruhátíð UMFG í september voru veittar viðurkenningar fyrir besta mætingu og fyrir góðan árangur. Eftirtaldir hlutu viðurkenningar:

Bestu mætingar í öllum flokkum: Embla Þórey Elvarsdóttir og Atli Ágúst Hermannsson, yngsti flokkur Álfheiður Inga Ólafsdóttir, miðstig Karen Líf Gunnarsdóttir, elsti hópur

Besti árangur á æfingatímabilinu: Ólöf Erla Jónsdóttir fyrir góðan árangur á Vesturlandsmóti og fjölþrautamóti Skallagríms, Björg Hermannsdóttir fyrir góðan árangur á sömu mótum en þá sérstaklega í langstökki.

Bjartasta vonin var valin Embla Þórey Elvarsdóttir en hún hefur til að bera ljúft og skemmtilegt viðmót hvort sem er á æfingum eða í keppni. Hún er samviskusöm að mæta á æfingar og gerir alla hluti eins vel og hún getur.

Íþróttamaður Grundarfjarðar og íþróttamaður HSH
Frjálsíþróttaráð var ekki með tilnefningar frjálsíþróttafólks í þessar viðurkenningar, þar sem reglur gera ráð fyrir að íþróttamaður HSH og íþróttamaður Grundarfjarðar séu



Embla Þórey Elvarsdóttir

a.m.k. 15 ára að aldri. Við áttum ekki iðkendur á þeim aldri.

Fjármál og styrkir

Í árslok 2011 áttum við um 220 þúsund krónur í sjóði. Frjálsíþróttaráð sótti um tvo styrki í Íþróttasjóð ríkisins í byrjun október. Í lok janúar 2012 fengum við tilkynningu um að okkur verði veittur styrkur út á báðar umsóknirnar, 150 þús. kr. til áhalda- og tækjakaupa fyrir starfsemina og 100.000 kr. styrk til að fá góða(n) íþróttamann/menn í heimsókn til okkar og einnig til endurmenntunar þjálfara. Það munar um það!

Um starfið 2012

Rétt í lokin má nefna að á árinu 2012 ætlum við okkur að efla starfið enn frekar. Við viljum skilgreina framtíðarsýn, markmið og leiðir til að styrkja starfsemina, með foreldrum og iðkendum. Slík stefna á að verða okkur leiðarljós sem vísar veginn til framtíðar og enn frekari árangurs. Við viljum leita eftir samstarfi við fleiri aðila, aðrar íþróttagreinar og aðrar frjálsíþróttadeildir í nágrenninu. Við stefnum á þátttöku í fleiri mótum, ætlum að fá þekkta íþróttamenn í heimsókn, viljum efla foreldrastarfið og ýta undir bætta aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum.

Í febrúarbyrjun 2012,
F.h. frjálsíþróttaráðs UMFG,
Kristín Halla Haraldsdóttir, þjálfari
Björg Ágústsdóttir

Umf. Reynir

Stjórn Reynis:
Þóra Olsen formaður
Aðalheiður Aðalsteinsd. gjaldkeri
Sjöfn Halldórsdóttir
Helen Billington

Árið 2011 var haldið áfram með samstarfið með Víking. Fer nú svo til allt starf ungmennafélagana í Snæfellsbæ undir nafni Víkings/Reynis.Á árinu var reynt að efla það enn frekar. Kom upp sú hugmynd að stofna nýtt ungmennafélag og færa allt starf Víkings/Reynis undir það félag.Það mundi einfalda allt starf félaganna þar sem það væri þá bara ein stjórn, einn aðalfundur og eitt bókhald og svo væri auðvita auðveldara að finna fólk til að vinna við eitt félag heldur en í tvö. Í lok ársins var enn verið í að vinna í stofnun nýs félags.
Á árinu var þokkalegt að gera í íþróttunum. Tekið var þátt í Íslandsmótinu í knattspyrnu, futsal og svo auðvita í Faxaflóamótinu. Farið var að venju með 5 og 6 flokk til Blönduós á Blönduósmótið og skemmtu allir sér vel þar. 5 flokkur kk. lenti þar í t.d. í öðru sæti. 2011 var komið að stelpunum í 4 flokk að fara til Svíþjóðar að taka þátt í Gothia Cup mótinu, þeim gekk ágætlega á mótinu og voru fararstjórar mjög ánægðir með ferðina. Knattspyrnan gekk annars með hefðbundnum hætti, æft 3 í viku í vetur og sumar. Í haust lagðist blakkennslan niður vegna þess að ekki fekkst þjálfari, bauðst okkur þjálfarar í fimleikum og var ákveðið að prófa og ekki stóð á viðtökunum fleiri tugir krakka skráðu sig í fimleika og urðum við að skipta þeim í hópa og fékk hver hópur að æfa einu sinni á viku, vonandi tekst okkur að efla þessa íþróttagrein. Annað árið í röð buðum við upp á körfubolta og er mikil áhugi á þeirri íþróttagrein, 11 og 12 ára krakkarnir voru skráðir á mót í haust og kepptu þau í Ólafsvík og á Ísafirði og unnu þau alla sýna leiki. Það er von okkar að okkur takist að halda uppi þessum íþróttagreinum
sem og sundi en til þess þarf auðvita peninga og að halda góðum þjálfurum, sem við erum heppin að hafa á augnablikinu.

U.m.f. Reynir fjárfest í gámahúsum í sumar sem Snæfellsbær ætlar að koma fyrir á vellinum á Hellissandi. Ætlum við að koma þar fyrir, loksins, klósettaðstöðu og aðstöðu til að skipta um föt. Einnig verður geymslupláss fyrir bolta, keilur og annað dót sem þarf til að æfingar geti farið fram á Hellissandi. Er von okkar að í júni sé þessi aðstaða fullbúin til notkunar fyrir Íþróttafólk í Snæfellsbæ.

Til að reka íþróttafélag þarf jú einnig fjármagn. Að venju stóðum við fyrir dansleik sem var Gougleðin í mars, var ákveðið að hafa þorrablót að ári. Aðalstyrktaraðlin okkar er Snæfellsbær og von okkar er að fyrirtækin hér taki þátt í því með okkur að klára aðstöðuna í kringum völlinn á Hellissandi okkur til sóma.

Kveðja Stjórn Reynis

Umf. Víkingur

Í stjórn Víkings eru: Einar Magnússon formaður, Rakel Gunnarsdóttir ritari og Fríða Sveinsdóttir gjaldkeri. Og í stjórn Reynis eru: Þóra Olsen formaður, Aðalheiður Aðalsteinsdóttir gjaldkeri, Sjöfn Anna Halldórsdóttir ritari og Helen Rachel Billington meðstjórnandi.
Starfsemi Víkings er með svipuðu móti og undanfarin ár. Við höfum haft samstarf við UMF Reyni um barna- og unglingastarfið og gengur það mjög vel, og erum við að vinna að því að búa til eitt félag sem mun sjá um barna og unglingastarfið. Þannig að starfið um börnin og unglingana verður undir sama hattinum, en við erum ekki að fara leggja niður UMF Víking eða UMF Reyni. Því Meistaraflokkurinn í knattspyrnu karla mun halda áfram að vera undir Víking.
Fjáröflun hefur gengið ágætlega, dósasöfnun er á 6 til 8 vikna fresti, þá er krökkunum skipt uppí hópa og verða þau að mæta ásamt foreldrum. Við höfum einnig verið að selja klósettpappír og eldhúsrúllur. Við héldum jólabasar í Röstinni á Hellissandi, þar seljum við básа og erum einnig með kakó og vöflur til sölu. Á sumrin erum við með sjoppu á öllum heimaleikjum, þetta er yfirbyggð kerra sem við fjárfestum í og hefur hún staðið fyrir sínu, algjör snilld.



Knattspyrna

Fótbolti er spilaður allt árið og hefur Ejup Purisvic þjálfað strákana ásamt Bega sem er aðstoðarþjálfari Ejubs. Hver flokkur æfir 3 sinnum í viku, byrjendaboltinn (þ.e. börn á elsta ári í leikskóla) og 7 flokkur (sem er blandaður stelpum og strákum í 1 og 2 bekk) æfa saman. 6 flokkur og 5 flokkur æfa í sitthvoru lagi en 4 flokkur, 3 flokkur og 2 flokkur æfa saman. Á sumrin er krökkunum einnig skipt niður í hópa og þá njótum við góðs af leikmönnum Víkings sem aðstoða við þjálfun krakkanna. Í sumar réðu forráðamenn Knattspyrnudeildarinnar til sín markmannsþjálfara, sem við nutum góðs af. Enda höfum við aldrei haft tækifæri til að ráða sérstakan markmannsþjálfara fyrir krakkana.

Í haust fengum við loksins þjálfara fyrir kvennafótboltann, Björn Sólmar, sem sér einnig um fótboltan í Grundarfirði, til starfa. Þar æfa 6 flokkur og 5 flokkur saman, og 4 og 3 flokkur saman. Mikil fjölgun varð í kvennafótboltann, sem er alveg frábært. Það var tekið þátt í Faxaflóamótinu, Pollamóti KSÍ, Íslandsmótinu og svo fórum við á Smábæjarmótið á Blöndósi og á Pæjumótið á Siglufirði með 7 flokk og 6 flokk kvenna.



Körfubolti

Körfuboltastarfið gekk mjög vel á árinu, þjálfari er Jens Guðmundsson íþróttakennari í GSNB. Hann þjálfar um 50 krakka í körfubolta, sem skiptast í yngri flokk, það er krakkar frá 10 til 13 ára, eldri eru krakkar á aldrinum 14 til 16 ára, og svo er hann með sér tíma fyrir stúlkur eldri. Hver hópur fær 2 tíma í viku. Það var tekið þátt í Íslandsmótinu í körfubolta með yngri flokkinn. Jens þjálfar einnig Meistaraflokk karla í körfubolta og taka þeir þátt í 2 deildinni, þeim gengur rosalega vel. Einnig þjálfar Jens hópa af konum í körfubolta, og það er frábært að sjá svona margar ungar konur taka þátt í þessu starfi.



Fimleikar

Í haust fórum við að bjóða uppá fimleika sem vakti mikla ánægju hjá krökkunum, sérstaklega stúlkunum, þetta voru um 90 krakkar sem skráðu sig. Þær Sara Sigurðardóttir og Thelma Magnúsdóttir sjá um fimleikana. Krökkunum var skipt niður í hópa, fyrsti og annar bekkur æfir saman einu sinni í viku, þriðji og fjórði bekkur æfir saman einu sinni í viku og fimmti og sjötti bekkur æfir saman einu sinni í viku. Og það var stærsta vandamálið okkar, tímarnir í íþróttahúsinu. En fólk er rosalega ánægt með þetta og við munum gera allt sem í okkar valdi er til að halda úti fimleikakennslu.



Sund

Sundið er sú grein sem alltaf helst inni hjá krökkunum, en að jafnaði æfa um 20 krakkar frá hausti fram á vor. Sundið er ekki æft á sumrin. Krökkunum er skipt í tvo hópa, eldri sem æfir tvisvar í viku og yngri sem æfa einu sinni í viku. Sara Sigurðardóttir er þjálfari og hún er íþróttakennari í GSNB Snæfellsbæjar. Það var ekki farið á neitt mót en krakkarnir sem æfa sund í Stykkishólmi komu í heimsókn til okkar og héldum smá mót. Síðan ætlum við í heimsókn til Stykkishólms og Snæfell ætlar að halda sundmót fyrir þau.



Blak

Við náðum að halda út æfingum í blaki hjá krökkunum fyrrihluta árs. Eldri krakkarnir tóku þátt í Íslandsmótinu í blaki sem haldið var í Mosfellsbæ. Um haustið sáum við okkur ekki fært að hafa blakæfingar, enda ekki með neinn þjálfara.

Blak hjá fullorðnum

Blakið hjá konunum gengur mjög vel, þar er einnig samstarf, Víkingskonur og Reyniskonur æfa saman og spila og keppa saman. Þær tóku þátt í 3 deildinni og voru í 4 sæti. Einnig var farið á Öldungarmót með tvö lið, en þar spiluðu Víkingskonur í 6 deildinni, Reyniskonur í 4 deildinni og karlarnir í 3 deildinni.

Ungt fólk sem hefur náð langt

Við ætlum aðeins að hreykja okkur að dugnaði ungafólksins okkar. Í fótboltanum má nefna að Kristófer Reyes var valin í landsliðið undir 16. Viktoría Ellenardóttir var valin í úrtaksmót fyrir unglingalandsliðið undir 16 ára. Og Rakel Sunna Hjartardóttir var einnig valin í úrtakshóp og komst áfram í honum, hún æfir með unglingalandsliðinu undir 16 ára. Katrín Reyes var valin í unglingalandsliðið undir 16 ára í blaki og æfir með þeim.


Skotfélagið Skotgrund

Það er búið að vera mikið líf á skotæfingasvæði Skotgrundar síðastliðna mánuði og mörg ný andlit hafa látið sjá sig. Starfssemi síðasta árs hófst með aðalfundi Skotfélagsins sem haldinn var í félagshúsnæði Skotgrundar. Farið var yfir helstu mál og sett var upp fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir æfingasvæðið okkar. Þá voru tveir eldri stjórnarmenn sem óskuðu eftir því að láta af störfum auk þess sem það urðu formannsskipti og tók ný stjórn til starfa þann 5 . maí 2011. Upplýsingar um nýja stjórn er hægt að nálgast á heimasíðu Skotgrundar www.123.is/

skotgrund. Nýskipuð stjórn Skotgrundar vill koma fram þakklæti til fráfarandi stjórnarmanna fyrir þeirra starf í þágu félagsins.
Fyrstu verkefni nýrrar stjórnar var að koma upp samskiptasíðu á internetinu (Facebook) til þess að auðvelda félagsmönnum og öðrum samskipti, auk þess að gera upplýsingaflæði betra. Þá var heimasíða félagsins uppfærð og gerðar smávægilegar breytingar á henni.
Það fyrsta sem snýr að æfingasvæðinu sjálfu var að yfirfara allar vélarnar eftir veturinn svo hægt væri að auglýsa opnunartíma. Æfingasvæðið var opið öll miðvikudagskvöld



í sumar auk þess sem það var opið laugardaga og sunnudaga. Heilt yfir þá var ágætis mæting á þessum opnunartímum, en einnig voru menn duglegir við að hópa sig saman, einmitt í gegnum nýju samskiptasíðuna og skipuleggja æfingar utan við auglýstan opnunartíma.
Þá barst Skotgrund kaffivél að gjöf ásamt öllu tilheyrandi frá einum félagsmanni félagsins. Það var Þorsteinn Bergmann sem færði félaginu hana þann 13. Júlí 2011 á einni æfingunni og vakti það mikla lukku meðal annarra skotmanna. Það var því orðin ærin ástæða til þess að mæta oftar inn á svæði, þó það væri ekki nema til þess að fylgjast með öðrum og fá sér kaffisopa.
Skotgrund tók þátt í „Dúfnaveislunni 2011“, sem haldin var í fyrsta skipti í ár. Dúfnaveislan er samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar (UST), Skotveiðifélags Íslands (SKOTVÍS), auk ýmissa félaga sem reka skotvelli auk styrktaraðila. Tilgangur dúfnaveislunnar var að hvetja veiðimenn um land allt til að kynna sér þá aðstöðu sem skotvellirnir hafa upp á að bjóða og stunda reglulegar skotæfingar áður en veiðitímabilið hefst og undirbúa sig eins og best verður á kosið. Þetta átaksverkefni tókst



nokkuð vel til og stefnir Skotgrund á að taka þátt í þessu verkefni aftur á næsta ári. Vonandi verður þá búið að fara í einhverjar endurbætur á svæðinu okkar, eins og stefnt er að. Það mun gera svæðið okkar skemmtilegra fyrir félagsmenn okkar og enn meira aðlaðandi fyrir aðkomumenn að sækja okkur heim.
Á þessu ári var farið í smávægilegar endurbætur á húsnæði félagsins sem og öðrum eignum þess og keypt hafa verið ný upplýsinga- og aðvörunarskilti til þess að setja upp á svæðinu. Stjórnin hefur einnig verið í því að safna peningum til þess að framkvæma fyrir, en til stendur að fara í mikið viðhald og endurbætur á svæðinu í heild sinni á næstu vikum og mánuðum.
Vonandi mun þessi vinna takast vel og skila sér í enn meiri aðsókn á völlinn, meiri gleði og betri árangri. Við höfum átt margar góðar stundir saman á æfingasvæðinu okkar á síðastliðnu ári og við vonumst til þess að enn fleiri fái að njóta þessarar frábæru skemmtunar sem skotíþróttin hefur upp á að bjóða í ókominni framtíð.

F.h. Stjórnar Skotfélagsins Skotgrundar
Jón Pétur Pétursson

Golfklúbburinn Mostri

Starfsemi stjórnar var með hefðbundnum hætti fyrstu vikur og mánuði ársins 2011 þar sem stjórn hittist reglulega frá áramótum og fram á vor til að vinna að undirbúningi sumarsins, ganga frá starfsmannahaldi og fleiru. Áfram var svo fundað eftir þörfum þegar leið á sumarið. Breytingar urðu á skipan stjórnar þar sem Katrín Pálsdóttir og Rafn J. Rafnsson stigu til hliðar og inn komu í þeirra stað Dagný Þórisdóttir og Elísabet Valdimarsdóttir.
Áframhaldandi samningar tókust við Stykkishólmsbæ um rekstur upplýsingamiðstöðvar í skálanum sl. sumar og er það mat okkar að það hafi áfram gengið vel og vonum við að áframhald verði á þessu samstarfi.
Eins og áður vorum við í góðum málum hvað starfsfólk varðar en á velli störfuðu Gunnar Björn Guðmundsson, vallarstjóri, Margeir Ingi Rúnarsson og Gauti Daðason. Í skálanum stóðu vaktina þau Auður Kjartansdóttir, Atli Rafn Hreinsson, Björg Guðrún Einarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir. Öll sinntu þau störfum sínum vel og af metnaði og megum við vera heppin að ná að manna störfin hjá okkur með svona öflugum einstaklingum.
Sumarið var ágætt á tjaldsvæðinu þrátt fyrir rólega byrjun sem skýrðist aðallega af köldum júnímánuði. Aðsókn á völlinn var einnig mjög góð. Í fyrsta skipti var tekin upp sú regla að iðkendur skráðu sig í rástíma á golf.is og gekk það fyrirkomulag mjög vel og fór langt umfram væntingar stjórnar.
Stjórnin ákvað að fara í framkvæmdir við skála til að bæta aðkomu og ásýnd svæðisins. Útlitið var hannað og samið var við BB og syni ehf. um að hlaða grjóti við bílaplan og svo sáu klúbbmeðlimir um jarðvegsskipti og hellulögn í sjálfboðavinnu. Mjög góð mæting var á þessi vinnukvöld og vert að þakka þeim sem að verkinu komu. Einnig stóð til

að fara í framkvæmdir á velli en þar sem völlurinn var mun blautari sl. vor en vorið áður var ekki hægt að fara með vélar um völlinn og því frestuðust þær framkvæmdir. Áfram mun klúbburinn leggja metnað sinn í það að byggja upp flottan 9 holu golfvöll á landsvísu.
Mótahald var með hefðbundnum hætti og aðsókn í mót almennt góð. Golfklúbburinn tók þátt í sveitakeppni GSÍ eins og undanfarin ár, þar sem karlasveit lék í 4. deild á Þverárvelli og náðu þeim flotta árangri að landa 2. sætinu og vinna sig þar með upp í 3. deild. Ekki náðist að manna kvennasveit að þessu sinni en óskandi að það náist á komandi sumri. Einnig átti að senda sveit í sveitakeppni öldunga en því miður fór það svo að Mostramenn töpuðu hlutkesti um síðasta lausa sætið í 2. deild og því varð ekki af þátttöku þeirra að þessu sinni.
Félagar í klúbbnum voru margir hverjir að ná góðum árangri og standa sig vel á árinu. Má þar helstan nefna Skarphéðinn E. Skarphéðinsson sem vann sér inn sæti í landsliði LEK. Þá áttum við þátttakendur í Áskorendamótaröð Arion banka og Arionbanka-mótaröð unglinga svo dæmi séu tekin.
Ég hef ákveðið að láta gott heita og gef ekki kost á mér til áframhaldandi formannsstarfa og vil því sérstaklega þakka samstarfsfólki í stjórnum undanfarinna ára, starfsfólki á velli og í skála, nefndarmönnum, klúbbfélögum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við vinnu á velli og í ýmsum störfum fyrir klúbbinn fyrir gott samstarf. Einnig þakka ég Stykkishólmsbæ fyrir góðan stuðning og gott samstarf á árinu.
Eins og undanfarin ár sá Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf. um launavinnslu, almennt bókhald og ársuppgjör fyrir klúbbinn og fær starfsfólk þeirra sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnum árum.

Stykkishólmi 27. janúar 2012
Högni Friðrik Högnason, formaður

Stjórn og nefndir Mostra árið 2011:

Stjórn Golfklúbbsins Mostra
Högni F. Högnason, formaður
Haukur Garðarsson, gjaldkeri
Helga Björg Marteinsdóttir, ritari
Daði Jóhannesson, meðstjórnandi
Dagný Þórisdóttir, meðstjórnandi
Einar Gunnarsson, meðstjórnandi
Elísabet Valdimarsdóttir, meðstjórnandi

Móta- og forgjafarnefnd:
Kjartan Páll Einarsson, formaður
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Rúnar Gíslason
Eyþór Benediktsson
Elísabet Valdimarsdóttir
Björgvin Ragnarsson

Kvennanefnd:
Elísabet Valdimarsdóttir, formaður
Sigríður Gísladóttir
Unnur Hildur Valdimarsdóttir

Vallarnefnd:
Daði Jóhannesson, formaður
Egill Egilsson
Skarphéðinn E. Skarphéðinsson
Rúnar Örn Jónsson
Rafn Júlíus Rafnsson

Húsnefnd:
Helga Björg Marteinsdóttir, formaður
Erna Guðmundsdóttir
Haukur Garðarsson

Unglinga- og nýliðanefnd:
Dagný Þórisdóttir, formaður
Einar Gunnarsson
Smári Axelsson

Skoðunarmenn reikninga:
Davíð Sveinsson
Klæmint S. Antoniussen

Skýrsla Mótanefndar
Mótanefnd Mostra 2011 var skipuð eftirtöldum:
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Elísabet Valdimarsdóttir, Björgvin Ragnarsson,Eyþór Benediktsson, Rúnar Gíslason og Kjartan Páll Einarsson formaður nefndarinnar.
Nefndin hélt nokkra formlega fundi á starfsárinu auk margra óformlegra funda.
Áætlað var að mótahald Mostra á árinu 2011 yrði með svipuðu sniði og undanfarin ár, niðurstaðan varð þó önnur. Í maí og fyrri hluta júni viðraði illa á kylfinga í Stykkishólmi líkt og annars staðar á landinu. Kylfingar tóku kylfurnar seinna fram en áður og þátttaka í mótum í maí og júní var mun minni en verið hefur.
Góð þátttaka var í meistaramótinu í júlí, 43 keppendur tóku þátt og spennandi keppni var í flestum flokkum.
Áfram þarf að hlúa vel að innanklúbbsmótunum - GMS mótunum, þar er góður vettvangur fyrir klúbbfélaga til að ná framförum í golfíþróttinni sem og að vera í góðum félagsskap.
Mótanefnd þakkar klúbbfélögum góða þáttöku og gott samstarf á árinu 2011 .

Ekki bárust skýrslur frá

Mótorkrossfélagi Grundarfjarðar
Mótorkrossfélagi Snæfellsbæjar
Golfklúbbnum Jökli
Ungmennafélaginu Eldborg
Íþróttafélagi Miklaholts
Ungmennafélagi Staðarsveitar

Ársreikningur 2011

Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

Áritanir

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum skoðað ársreikninga HSH fyrir árið 2011 og ekkert fundið athugavert. Við leggjum til að ársreikningur 2011 verði samþykktur.

Grundarfirði	06.03.2012
Staður	dagsetning

Gunnar Kristjánsson	Kristján Guðmundsson

Undirskrift formanns eða gjaldkera

Rekstrarreikningur fyrir árið 2011

1. Tekjur

		2011	2010
1.1	Rekstrartekjur	4.200.756	4.309.748
1.2	Önnur framlög og styrkir	2.526.651	2.452.561
1.3	Aðrar tekjur	0	541.016
	Tekjur alls	**6.727.407**	**7.303.325**

2. Gjöld

2.1	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.885.012	3.139.737
2.3	Kostnaður vegna íþróttastarfs	2.060.084	2.383.625
2.4	Annar rekstrarkostnaður	2.740.709	2.300.115
	Gjöld alls	**6.685.805**	**7.823.477**
	Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	**41.602**	**(520.152)**
2.5	Afskriftir fastafjármuna	0	(30.540)
2.8	Fjármunatekjur	1.730	19.409
2.9	Fjármagnsgjöld	(13.745)	(15.267)
	Afskriftir og fjármagnsliðir alls	**(12.015)**	**(26.398)**
	Tekjuafgangur (tekjuhalli)	**29.587**	**(546.550)**

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

3. Eignir

		2011	2010
Fastafjármunir			
3.1	Skrifstofubúnaður	10.060	10.060
	Fastafjármunir samtals	**10.060**	**10.060**
Veltufjármunir			
3.2	Vörubirgðir	0	0
3.4	Skammtímakröfur	0	0
		0	0
3.5	Handbært fé	192.388	314.028
	Veltufjármunir samtals	**192.388**	**314.028**
Eignir alls		**202.448**	**324.088**

4. Skuldir og eigið fé

Eigið fé			
4.1	Eigið fé í ársbyrjun	(1.348.028)	(801.478)
4.2	Hagnaður (tap) ársins	29.587	(546.550)
	Eigið fé samtals	**(1.318.441)**	**(1.348.028)**
Langtímaskuldir			
4.3	Veðskuldir	0	0
4.4	Aðrar langtímaskuldir	0	0
	Langtímaskuldir samtals	**0**	**0**
Skammtímaskuldir			
4.5	Skuld við félagasamtök	1.520.889	1.672.116
4.6	Skuld við lánastofnanir	0	0
4.8	Aðrar skammtímaskuldir	0	0
		1.520.889	1.672.116
4.8	Afborganir af langtímaskuldum	0	0
	Skammtímaskuldir samtals	**1.520.889**	**1.672.116**
Skuldir og eigið fé alls		**202.448**	**324.088**

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011

Rekstrarhreyfingar:	**2011**	**2010**
Hagnaður (tap) ársins	29.587	(546.550)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	0
Afskriftir	0	30.540
Veltufé frá rekstri	**29.587**	**(516.010)**
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir lækkun, (hækkun)	0	0
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)	0	0
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun)	(151.227)	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	**(151.227)**	**0**
Handbært fé frá rekstri	**(121.640)**	**(516.010)**
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum		
Aðrar fjárfestingahreyfingar		0
Fjárfestingahreyfingar alls	**0**	**0**
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	0 **0**	0
Afborganir af langtímalánum	0	0
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	**0**	**0**
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	**(121.640)**	**(516.010)**
Handbært fé í ársbyrjun	**314.028**	**556.659**
Handbært fé í árslok	**192.388**	**40.649**

Skýringar og sundurliðanir

Sundurliðun tekna 2011

		2011	2010
1.1	**Rekstrartekjur**		
1.1.1	Lottó	3.878.804	3.982.826
	Getraunir	321.952	326.922
	Rekstrartekjur	**4.200.756**	**4.309.748**
1.2	**Önnur framlög og styrkir**		
1.2.1	Styrkur frá Héraðsnefnd	1.500.000	1.500.000
1.2.2	Útbreiðslustyrkir ÍSÍ og UMFÍ	501.651	312.561
1.2.3	Mótteknir styrkir, UMFÍ fræðslusjóður		50.000
1.2.4	Skattur aðildarfélaga		
1.2.5	Þátttöku og búningagjöld v/ULM 2009		
1.2.6	Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum	525.000	590.000
1.2.7	Endurgreidd gisting		
	Önnur framlög og styrkir	**2.526.651**	**2.452.561**
1.3	**Aðrar rekstrartekjur**		
1.3.1	Seldur íþróttafatnaður	0	0
1.3.2	Seldar aðrar vörur	0	0
1.3.3	Endurseld vinna	0	541.016
1.3.4	Aðrar tekjur		
	Aðrar rekstrartekjur	**0**	**541.016**

Sundurliðun gjalda

		2011	2010
2.1	**Skrifstofu og stjórnunarkostnaður**		
2.1.1	Laun	985.000	2.406.200
2.1.2	Mótframlag í lífeyrissjóð	78.800	188.248
2.1.3	Tryggingagjald	179.804	222.035
2.1.4	Dagpeningar	290.275	287.300
2.1.5	Bifreiðastyrkir	336.060	
2.1.6	Önnur launatengd gjöld	15.073	35.954
	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	**1.885.012**	**3.139.737**
2.3	**Kostnaður vegna íþróttastarfs**		
2.3.1	Verðlaun	109.680	137.337
2.3.2	Ferðakostnaður, gisting og uppihald	221.667	139.085
2.3.3	Þátttökugjöld	104.459	104.925
2.3.4	Lottó til aðildarfélaga	1.520.889	1.672.116
2.3.5	Unglingalandsmót	38.999	78.803
2.3.6	Keyptar íþróttavörur	41.390	6.359
2.3.7	Veittir styrkir vegna íþróttastarfs	23.000	121.500
2.3.8	Aðkeypt þjónusta		0
2.3.3	Birgðabreyting (afskrifaðar gamlar búningabirgðir og verðlaunapeningar)		123.500
	Kostnaður vegna íþróttastarfs	**2.060.084**	**2.383.625**

2.4 Annar rekstrarkostnaður

2.4.1	Verktakagreiðslur til framkvæmdastjóra		
2.4.2	Sími og burðargjöld	125.694	149.597
2.4.3	Kostnaður vegna funda og námskeiða	965.931	494.881
2.4.4	Reikningsleg aðstoð	80.000	80.000
2.4.5	Pappír, ritföng og prentun	187.520	401.565
2.4.6	Auglýsingar og styrkir	153.417	93.733
2.4.7	Áskrift	5.991	37.810
2.4.8	Viðhald áhalda	338.001	398.510
2.4.9	Tryggingar	11.950	8.330
2.4.10	Kaffikostnaður og risna	182.364	
2.4.11	Félagsgjöld UMFÍ		
2.4.12	Leiga á húsnæði		
2.4.13	Rekstur bifreiðar	517.851	490.273
2.4.14	Námskeið	49.600	
2.4.15	Tölvukostnaður og internet	117.560	73.960
2.4.16	Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	4.830	7.657
2.4.17	Annar kostnaður		63.799
	Annar rekstrarkostnaður	**2.740.709**	**2.300.115**

Sundurliðun efnahags

		2011	**2010**
3.1	**Skrifstofubúnaður**		
3.1.1	Stofnverð í ársbyrjun	571.502	571.502
3.1.2	Afskrifað áður	-561.442	-530.902
3.1.3	Afskrifað á árinu		-30.540
3.1.4	Annað	0	0
	Skrifstofubúnaður	**10.060**	**10.060**

Veltufjármunir

3.2 Vörubirgðir

3.2.1	Búningabirgðir	0	0
3.2.2	Verðlaunapeningar	0	0
		0	**0**

3.4 Viðskiptakröfur

3.4.1	UMFÍ vegna Lottó í desember	0	0
3.4.2	Íslenskar getraunir	0	0
3.4.3	Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	0	0
	Viðskiptakröfur	**0**	**0**

Handbært fé

3.5	Landsmótssjóður	0	0
3.9	Bankainnstæður og sjóðir (0309-26-5452 og 0191-15-370322)	192.388	314.028
	Handbært fé	**192.388**	**314.028**

4.1 Endurmatsreikningur

4.1.1	Endurmatsreikningur 1/1	0	0
4.1.2	Endurmat ársins	0	0
	Endurmatsreikningur 31/12	**0**	**0**

4.2 Óráðstafað eigið fé


4.2.1	Óráðstafað eigið fé 1/1	-1.348.028	-801.478
4.2.2	Rekstrarafkoma ársins	29.587	-546.550
	Óráðstafað eigið fé 31/12	**-1.318.441**	**-1.348.028**

Skuldir

4.3	Ógreidd laun og launatengd gjöld		0
4.4	Aðrar langtímaskuldir	0	0
4.5	Skuld við aðildarfélög vegna Lottó	1.520.889	1.672.116
4.6	Skuldir við lánastofnanir	0	0
4.7	Næsta árs afborganir	0	0
4.8	Aðrar skammtímaskuldir	0	0
	Skuldir samtals	**1.520.889**	**1.672.116**


ORKAN
BENSÍN


FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS


VELJIÐ MIG!
34
VELJIÐ MIG!
34
34
34
34
PHILIPS
HVER ER EFTIRLÆTIS TALAN ÞÍN?
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó